

Úr Gardinum
á stóru sviðin
úti í heimi



12-13

Lækkað verð

299 kr.
allar tegundir



Krambúðin

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 1. MAÍ 2024 // 18. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Gleðilegt sumar!

Þróttur Lengjubíkar-
meistari B-deildar karla



23



18

Æskuminningar úr Kerlingarfjöllum
urðu að heimildarmyndinni Fjallasögu

Sjö fengu gullmerki
og 2.000 heiðruðu afmælisbörnin



8



Listaverk á brauði

VIÐ SÝNUM ALLAR EIGNIR, FÁÐU TILBOÐ Í FERLIÐ.

ALLT
FASTEIGNASALA



DÍSA
DISA@ALLT.IS
560-5510



ÁSTA MARÍA
ASTA@ALLT.IS
560-5507



HELGA
HELGA@ALLT.IS
560-5523



ELÍNBOG ÓSK
ELINBOG@ALLT.IS
560-5509



UNNUR SVAVA
UNNUR@ALLT.IS
560-5506



ELÍN
ELIN@ALLT.IS
560-5521



HAUKUR
HAUKUR@ALLT.IS
560-5525



SIGURJÓN
SIGURJON@ALLT.IS
560-5524



PÁLL
PALL@ALLT.IS
560-5501

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Uppspretta kvikunnar í Svartsengi er undir Náttthagakrika


Sennilegast er að skjálftavirknin undir Fagradalsfjalli/Náttthagakrika stafi af djúpu innrennsli kviku. Þessir skjálftar eru djúpir, á 6-9 km. dýpi. Síðast á mánudag urðu nokkrir skjálftar á þessu svæði. Skjálftasvæðið er ábrerandi á Skjálftalísu Væðurstofu Íslands en með fréttinni má sjá skjáskot af vefsíðunni sem sýnir uppsafnaða jarðskjálfta frá áramótum og fram í þessa viku.

Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, segir í samtali við Víkurfréttir að líklegt sé að frá Fagradalsfjalli/Náttthagakrika fari kvikan til hliðar undir Svartsengi og upp í gosið við Sundhnúk/Hagafell.

„Að svo komnu er því ekki ástæða til að draga þá ályktun að það stefni í nýtt gos þarna austar, hvað sem síðar verður,“ segir Magnús Tumi. Hann segir að ef rétt reynist, er líklegt að rennslíð verði áfram á svipuðum slóðum og gýs nú, á Sundhnúkaröðinni. „Það er auðveldasta leiðin og kallar ekki á frekari opnun á svæðinu.“



Eldgosið við Sundhnúk.
VF/Isak Finnbogason



Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Horft yfir byggðina í Grindavík í lok apríl 2024. VF/Hilmar Bragi Bárðarson

Vilja gefa Grindvíkingum kærleikslistaverk

Bæjarráð Suðurnesjabæjar hefur samþykkt samhljóða að taka þátt í kærleiksgjöf í formi ljóslista-verks til íbúa Grindavíkur.

Minnisblað frá Magnúsi Stefánssyni, bæjarstjóra, var tekið fyrir á fundinum. Þar kemur fram að unnið sé að því að nágrennasveitarfélög Grindavíkur standi

saman að því að færa íbúum Grindavíkur kærleikslistaverk í formi ljóslista-verks með útfærslu á byggðamerki Grindavíkur.

Bæjarráð samþykkti samhljóða að taka þátt í verkefninu, að því gefnu að góð samstaða verði meðal viðkomandi sveitarfélaga um þátttöku.

Lionsklúbburinn Æsa styrkti sjö verkefni

Lionsklúbburinn Æsa afhent styrki til sjö verkefna þann 23. apríl sl. Styrkirnir eru afhentir í kringum afmæli klúbbsins en hann var stofnaður 26. apríl 1997. Afhendingin fór fram í Ytri-Njarðvírkirkju.

Styrkir fóru að þessu sinni til: Njarðvíkursóknar, Velferðarsjóðs Suðurnesja, Íþróttarfélagssins NES,

Akurskóla, Slysavarnardeildarinnar Dagbjargar, Hollavinafélagssins Unuhúss í Garði, Suðurnesjabæ og Konukots-neyðarskýlis í Reykjavík.

Klúbburinn styrkir einnig einstaklinga og fjölskyldur ásamt verkefnum sem Lionshreyfingin á Íslandi stendur fyrir hverju sinni.



Frá afhendingu styrkjanna.


BAUN, barna- og ungmennahátíð, hefst á fimmtudag

BAUN, barna- og ungmennahátíð, fer fram dagana 2. – 12. maí. Á BAUN eru börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra sett í forgang og boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurs hópa en í kringum 60 dagskrárliði er að finna á BAUN þetta árið að sögn Guðlaugar Maríu Lewi, s menningarfulltrúa Reykjanesbæjar.

Baunirnar komu sáu og sigruðu í heimsfaraldrinum en BAUNabréfið var viðbragð Barnahátíðar við því að ekki mátti safna fólki saman til að hafa gaman. Þá þurfti að hugsa út fyrir kassann og niðurstaðan varð BAUNabréf þar sem fólk gat átt saman skemmtilegar stundir á eigin forsendum með því að fylgja fyrirmælum í bréfinu. „Baunin sprakk bara út í höndunum okkur“ segir Guðlaug og vísar þar til þess að bréfið hafi slegið í gegn og BAUNin fest sig í sessi en hún fer nú fram í fjórða sinn með þessu sniði.

Allir með á BAUN

Fjórið hefst á fimmtudag og er fjölmargt á dagskránni fyrir börn og ungmenni en hátíðin er unnin í samstarfi flestra stofnana Reykjanesbæjar. „Allir leikskólar og



grunnskólar bæjarins taka þátt, Fjölbrotaskólinn, Listasafn, Byggðasafn, Bókasafn, Hljómahöll, Tónlistarskólinn, Fjórheimar, Sundmiðstöðin, Umhverfissvið og þannig mætti áfram telja og einnig koma mörg félagsmætök að hátíðinni. Allir leggja sitt af mörkum á BAUN og saman sköpum við frábæra hátíð fyrir börnin okkar og fjölskyldur þeirra, segir Guðlaug. Hún segir BAUNabréfið stuðla að inngildingu því að í gegnum börnin náum við til fullorðna fólksins og virkjum það og hún segist viss um að það verði ekki margir forráðamenn sem komist upp með að hunsu BAUNina, því börnin munu sjá um að drífa þá af stað og til þess sé leikurinn einnig gerður.

BAUNabréfið og baun.is

Nú í vikunni verður öllum leikskólabörnum og grunnskólabörnum upp í 7. bekk afhent glænýtt BAUNabréf. Tilgangur þess er að hvetja börn og fjölskyldur til að fara á kreik og taka þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum og svara spurningum eða safna stimplum í bréfið sitt. Þátttökuseðli BAUNabréfsins er svo hægt að skila inn á valda staði og þá eiga börnin möguleika á að vera dregin úr potti og vinna til veglegra verðlauna. Allar upplýsingar um dagskrá BAUNar og einstaka viðburði má finna á vefslóðinni baun.is en einnig má fylgjast með gangi mála á facebooksíðu BAUNar, BAUN, barna og ungmennahátíð.

Allir með!

Guðlaug hvetur allar fjölskyldur til að taka virkan þátt í BAUNinni 2024, kynna sér vefsíðuna og halda af stað í ævintýraleiðangur með BAUNabréfið að vopni og skapa sér og sínum góðar samverustundir. Einnig sé til mikils sé að vinna að fylla út í BAUNabréfið en heppnir þátttakendur fá í verðlaun trampólín og aukavinninga.

Katrín og Gunnar á ferð um Suðurnes

Ísland á kraftmikla forystukonu

Mánudaginn 6. maí kl. 19:30
á Park Inn Hótel Radisson.
Hafnargötu 57, Keflavík.

Einstakt tækifæri til að ræða forsetaembættið og framtíð þjóðarinnar.



Baráttufundur 1. maí í Stapa

Stéttarfélögin á Suðurnesjum efna til baráttufundar 1. maí í Stapa kl. 14. Yfirskrift dagsins er **Sterk hreyfing – Sterkt samfélag.**

„Á þessum degi fögnum við því sem áunnist hefur í réttindabaráttu verkafólks í gegnum tíðina og leggjum áherslu á nýjar og breyttar kröfur í þágu vinnandi stétta,“ segir í tilkynningu frá félögunum. Baráttufundur í Stapa hefur ekki verið haldinn á þessum degi síðan fyrir heimsfaraldur.

Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður VSFK setur dagskrána en ræðumaður dagsins er Hilmar Harðarson formaður FIT.

Boðið verður upp á skemmtiatriði, Mummi Hermanns mun leika ljúfa tóna í upphafi fundar en auk hans koma fram Bjartmar Guðlaugsson, Guðlaugur Ómar og Karlakór Keflavíkur sem m.a. mun syngja „internationalinn“.

Þá bjóða félögin til bíósýningar fyrir börnin í Sambíóinu í Keflavík kl. 13.

Félögin sem standa að baráttudeginum eru FIT, VSFK, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Suðurnesja og VR.



Íbúðalóðir væntanlegar til úthlutunar í Suðurnesjabæ

Suðurnesjabær vinnur að því að bjóða íbúðalóðir til uppbyggingar. Framkvæmdir við gatnagerð og innviði standa yfir í Teiga- og Klapparhverfi í Garði og í Skerjahverfi í Sandgerði.

Gert er ráð fyrir að íbúðalóðir í 2. áfanga Teiga- og Klapparhverfis í Garði verði til úthlutunar síðari hluta maí mánaðar. Þar er um að ræða alls 40 íbúðaeiningar í raðhúsum, 8 íbúðaeiningar í parhúsum og síðan er ein lóð fyrir fjölbylishús á tveimur hæðum.

Íbúðalóðir í 2. áfanga Skerjahverfis í Sandgerði eru væntanlegar til úthlutunar á haustdögum. Þar er um að ræða 8 íbúðaeiningar í raðhúsum, 8 íbúðaeiningar í parhúsum, 8 íbúðaeiningar í keðjuhúsum og síðan eru 11 lóðir fyrir einbylishús.



KÆRU VIÐSKIPTAVINIR!

Vegna hópeflis starfsfólks verður breyttur opnunartími á starfsstöðvum Kólku sorpeyðingarstöðvar laugardaginn 4. maí nk.

Opið verður:

Móttökuplan í Helguvík frá kl. 10 til 15.

Móttökuplan í Grindavík frá kl. 10 til 15.



Frá aðalfundi VSFK í síðustu viku.

Vinumarkaðurinn er of einsleitur

- Fimm þúsund manns í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis.
- Stærsta stéttafélagið á Suðurnesjum. ■ Formaðurinn ánægður með nýjan kjarasamning.

„Já, ég er sátt við kjarasamninginn eins og hann er. Svo þarf að sjá þegar allir eru búnir að semja hvort við náum að halda takti og hvort það er raunveruleg samstaða til að ná niður vöxtum og verðbólgu. Ef sú samstaða er til staðar ættum við að ná góðum árangri. Lækkun verðbólgunnar er ein stærsta kjarabót fyrir alla,“ segir Guðbjörg Kristmundsdóttir, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, aðspurð um nýgerðan kjarasamning stéttafélaganna við Samtök atvinnulífsins.

Félagið hélt aðalfund í síðustu viku og þar kom fram að það stendur vel og rekstur þess er traustur. En hvaða mál bar helst á góma þar?

„Það voru þessi helstu mál. Rekstur félagsins, staðan í atvinnulífinu og plön fyrir komandi ár. Við erum að leggja áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf fyrir félagsmenn. Eins erum við að efla trúnaðarmannakerfið okkar og auka líka fræðslu þar.“

Hvað eru margir félagsmenn í VSFK?

„Félagsmenn eru um fimm þúsund manns þessa dagana. Það rokkar talsvert milli árstíða.“

Hvar eru þeir helst að vinna?

„Okkar félagsmenn eru að vinna víða. Stór hluti þeirra vinnur á flugvælinum en eins bara víða á svæðinu. Í ýmsum störfum tengdum ferðaiðnaðinum, í fiskvinnslu, í alls konar framleiðslu og hin ýmsu verkamannastörf.“

Hvað með atvinnuleysið, af hverju er það miklu hærra en landsmeðaltal?

„Það er samspil nokkurra þátta. Við erum mikið vaktavinnusvæði og það geta ekki allir unnið vaktavinnu. Fyrir þá einstaklinga getur verið erfitt að finna sér störf hér á svæðinu. Eins er talsverður hópur sem ekki talar ensku né íslensku og getur verið erfitt fyrir þann hóp að finna sér vinnu.“

Hvernig meturðu atvinnuástandið á Suðurnesjum um þessar mundir?

„Atvinnuástandið er gott. Við erum þó með mjög einsleitum atvinnumarkað. Mjög stór hópur vinnur störf tengd ferðamönnum og við því mjög háð þeim. Ef ferðamönnum fækkar erum við í erfiðri stöðu. Það er sem betur fer þó ekki í kortunum á næstunni.“

Það væri samt sterkt að setja egginn í fleiri körfur. Vera með fjölbreyttara atvinnulíf. Það laðar að og getur eins minnkað atvinnuleysi. Ég hef þó fulla trú á að þetta komi smá saman. Við erum að sjá ný fyrirtæki koma hér og eins er alltaf eitthvað um nýsköpun. Það þarf bara að ýta undir þetta og styrkja þá aðila sem hafa áhuga á að koma á svæðið með ný og spennandi fyrirtæki.“



Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna forsetakosninga 1. júní 2024

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna forsetakosninga hefst fimmtudaginn 2. maí á skrifstofu sýslumannsins á Suðurnesjum að **Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ.**

Unnt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á afgreiðslutíma sýsluskrifstofu, sem er alla virka daga frá klukkan 08:30 til 15:00.

Frá og með 10. maí og fram á kjördag verður einnig unnt að kjósa utan kjörfundar til klukkan 19 á virkum dögum og frá klukkan 10 til 14 á laugardögum og annan í hvítasunnu, 20. maí.

Á kjördag, 1. júní, verður opið fyrir kosningu hjá sýslumanni frá klukkan 10 til 14, en einungis fyrir þá sem eiga lögheimili utan umdæmisins og verða viðkomandi sjálfir að koma atkvæði sínu til skila.

Auk þessa verður á síðari stigum unnt að kjósa á sveitarstjórnarskrifstofunum í Vogum og í Garði, Suðurnesjabæ á afgreiðslutíma skrifstofanna og verður það nánar auglýst á heimasíðum sveitarfélaganna.

Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
29. apríl 2024
Ásdís Ármannsdóttir





SUMARIÐ ER KOMIÐ

Grillveislan heppnast fullkomlega með Napoleon grilli



**SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU
SUMARBLAÐIÐ**

á www.byko.is/sumarbladid



NÝR AFGREIÐSLUTÍMI Í SUMAR

VIRKA DAGA

8-18

LAUGARDAGA

9-15

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



F É L A G S I P R A R O K S Þ
 I I S Ý M I Ð I E V R O V K S
 N Y Þ R A R A Æ Ð M Ó A K O T
 A N D L Æ R R S Ó G R S Þ T Ú
 M Ð A L A T Ð H P T B R A F P
 A Í H Í A T S A F J U Ð M I Ö
 G T Ó N É M Ð U G T A P A M G
 A Á Ó P M K G Ð K A T É N I S
 L H R J K L H Y Þ K U S Á L A
 A A F M Ð Æ E T É T Ð A É G R
 R N T S Ú R G I H A S R Á U I
 Ð R A S T R Ó T E R U N Ó F Ð
 Æ A Ð I T R Ú L K Ð K B U R N
 R B E Ð I T Á M Ó A Ð É M A E
 B H L A Ð B O R Ð Á R B Ð F B

SVARTFUGL
 VORVEIÐI
 HEITREYKTUR
 SKOTFIMI
 BRÆÐRALAG
 HLAÐBORÐ
 BRÁÐ
 TAKTAR
 FIÐLA
 BAUN

BARNAHÁTÍÐ
 SKORAR
 BENDIR
 KRÍAN
 FARFUGL
 RÓÐUR
 FASTA
 AUÐ
 IÐAR
 LÁSU

Gangi þér vel!



Beint streymi

Eldgosa- og náttúruvörvakt í beinni útsendingu á vef VÍKURFRÉTTA, vf.is

Strandveiðin 2024 að hefjast

Þá er þessi aprílmánuður kominn á enda og hann ein- kenndist af stoppinu sem tengist hrygningu þorsksins, öðru nafni kallað hrygningarstoppið.

Framundan eru tvær mikil- vægar dagsetningar í maí. Fyrir það fyrsta hefst strandveiðin árið 2024 en fyrsti dagurinn sem bát- arnir mega fara á sjóinn er 2. maí, hin dagsetningin er 11. maí. Hvað er svona merkilegt við þennan dag, 11. maí? Jú, þessi dagur var eitt sinn merkilegur því hann þýddi lok vertíðar hvers vetrar.

Núna er þessi dagur, 11. maí, varla til á dagatölum landsmanna, til dæmis á dagatalinu sem situr fyrir framan lykklaborðið mitt sem ég skrifa þennan pistil með. Hvergi er minnst á lokadaginn. Nánar um það síðar.

Annars þó svo að aprílmánuður væri stuttur út af stoppinu þá var veiði bátanna góð og mjög margir voru að undirbúa bátana sína til þess að vera klárir á strandveiðina þegar hún hefst. Í Sandgerði eru til dæmis hátt í 60 bátar sem munu vera að róa til strandveiða þaðan núna í sumar.

Reyndar er ein krafa strand- veiðisjómannna sú að þeir geti fengið að veiða í 48 daga, sem sé um tólf daga í mánuði, en vegna þess hversu margir bátar eru á þessum veiðum (þeir eru líklega yfir 700 talsins og þorskkvótinn aðeins um tíu þúsund tonn) þá reikna margir með að strandveiði- tímabilinu árið 2024 muni jafnvel ljúka snemma í júlí.

Reyndar er færaveiði bátanna núna í apríl búin að vera nokkuð góð og er Sella GK komin með 12,5 tonn í átta róðrum og mest 2,3 tonn í róðri, Fagravík GK 9,4 tonn í sex róðrum og mest 2,4 tonn í róðri og Dímon GK með 8 tonn í fimm róðrum og mest 1,8 tonn í róðri, af þessum afla eru um 4 tonn af ufsa. Líf NS er með 6,3 tonn í fimm róðrum, Viktor Sig

HU 6,3 tonn í sex og af því er ufsi 4,8 tonn. Allir þessir bátar landa í Sandgerði.

Línuveiði bátanna er búin að vera nokkuð góð og nokkur fjöldi af línubátum hefur verið að landa í Grindavík. Einhamarsbátarnir hafa landað öllum afla sínum í Grindavík í apríl en bátarnir frá því fyrirtæki hafa reyndar ekki farið í marga róðra hver bátur. Gísli Súrsson GK með 82 tonn í átta róðrum, Auður Vésteins SU 64 tonn einnig í átta og Vésteinn GK 43 tonn í fjórum róðrum. Valdimar GK 268 tonn í þremur róðrum og Sighvatur GK 496 tonn í fjórum, báðir hafa þeir aðeins landað í Grindavík.

Margrét GK er kominn með 103 tonn í níu róðrum og mest 17 tonn í róðri, Geirfugl GK 27 tonn í róðri og Hulda GK 37 tonn í sex róðrum, allir landa í Sandgerði.

Fríðrik Sigurðsson ÁR, sem Hólmgímur er búinn að vera með á leigu í vetur, var í neta- rallinu og gekk nokkuð vel hjá honum. Hann var með 137 tonn í sex róðrum og er núna kominn aftur til Njarðvíkur en hefur engu landað þar. Erling KE hóf aftur á móti veiðar eftir stoppið og er kominn með 114 tonn í tíu róðrum

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson gisli@aflafrettir.is



og Halldór Afi GK er með 22 tonn í átta róðrum.

Í Njarðvík er bátur núna sem er að stunda veiðar á sæbjúgu. Hann heitir Bára SH og er búinn að vera á veiðum inni í Faxaflóanum og gengið nokkuð vel, kominn með 37 tonn í ellefu róðrum og mest um 7 tonn í róðri.

Á landinu öllu eru aðeins þrjár bátar að veiða sæbjúgu. Auk Báru SH er Klettur ÍS og Jóhanna ÁR á þessum veiðum en báðir eru þeir á veiðum á austurlandinu. Jóhanna ÁR á ansi mikla tengingu við Suðurnes því báturinn var lengi gerður út frá Sandgerði og hét þá Sigurfari GK. Var báturinn fyrst á trolli og síðan á dragnót. Jóhanna ÁR komin með 173 tonn í fimmtán róðrum, mest 26 tonn í róðri, og Klettur ÍS með 195 tonn í tólf róðrum og mest 20 tonn í róðri.

Klettur ÍS á ekki mikla tengingu við Suðurnes en þessi bátur var smíðaður á Seyðisfirði árið 1975 og var á Hornafirði í um tuttugu ár og hét þar Hvanney SF – en það má geta þess að núverandi Sigur- fari GK, hét um tíma Hvanney SF.



Bára SH og er búinn að vera á sæbjúgnaveiðum inni í Faxaflóa og gengið nokkuð vel.

Bílaveiðgerðir Smurþjónusta Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heym@heym.is //

SUÐURNESJA

VF magasín

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Er Kiwanis eitthvað fyrir þig?

Kynningarfundur Kiwanishúsínu
 Íðavöllum 3c, Reykjanesbæ
 6. maí 2024

Vörðukonur ætla að halda kynningarfund um Kiwanis og klúbbinn Vörðu í Kiwanishúsínu Íðavöllum 3c, mánudagskvöldið 6. maí klukkan 20:00. Kynnt verða þau verkefni sem klúbburinn hefur komið að og starfsemi. Einnig verða fulltrúar frá Kiwanisumdæminu á staðnum og halda stutta tölu. Fundurinn er opinn öllum konum og í boði verða léttar veitingar.

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 2.–5. maí

Kjúklinga-
bringur í
sítrónu-
smjóri

1.447 kr/kg

1.929 kr/kg



KJÖTSEL

25%



Hamborgarar, 2x90 g

450 kr/pk

819 kr/pk

KJÖTSEL



Kjúklingalæri, beinlaus,
í saffranmaríneringu

1.679 kr/kg

2.239 kr/kg

NOW



Vítamín og bæti-
efni frá NOW

20%

MUNA

HIMNESK HOLLUSTA



Vítamín og bæti-
efni frá MUNA

20%

Heilsuvara
vikunnar

AMINO
ENERGY



Amino Energy
Citrus Spritz, 270 g

16%

Krossmói
Opið 10–19

Iðavellir
Opið 10–21



Betra
verð
með
appinu!

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Sjö fengu gullmerki og 2.000 heiðruðu afmælisbörnin

Um 2.000 manns mættu í afmælisveislu hjá Björgunarsveitinni Suðurnes og Slysavarnadeildinni Dagbjörgu, sem haldin var í húsnæði félaganna við Holtsgötu 51 í Reykjanesbæ, síðastliðinn laugardag.

VF REYKJANESBÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Hátíðarhöldin hófust kl. 13:00 með boði fyrir boðsgesti. Við það tækifæri veitti Björgunarsveitin Suðurnes tuttugu og tveimur fyrirtækjum þakkletisvott fyrir stuðning og samstarf á undanförunum áratugum. Víkurfréttir voru á meðal fyrirtækja í hópnum.

Sjö félagar í Björgunarsveitinni Suðurnes fengu gullmerki sveitarinnar á þessum tímamótum. Það voru þau Guðbjörg Jónsdóttir, Arnar Steinn Elísson, Gunnar Stefánsson, Halldór Halldórsson, Pétur Gunnar Sigurðsson, Siggeir Pálsson og Haraldur Haraldsson.

Sigurlaug Erla Pétursdóttir, formaður Slysavarnadeildarinnar Dagbjargar og Kristófer Jón Kristófersson, formaður Björgunarsveitarinnar Suðurnes, fluttu ávörp og sögðu frá starfsemi félaganna. Björgunarsveitin Suðurnes var stofnuð þann 16. apríl 1994 og Dagbjörg, sem fyrst var Kvinnasveitin Dagbjörg, var stofnuð á 10 ára afmæli björgunarsveitarinnar, 16. apríl 2004. Félögin voru því 20 og 30 ára á dögnum. Björgunarsveitin Suðurnes byggir á gömlum grunni og varð til við sameiningu Björgunarsveitarinnar Stakks í Keflavík og Hjálparveitar skáta í Njarðvík. Björgunarsveitin Eldey í Höfnum kom svo síðar inn í félagskapinn. Slysavarnarfélagseildin Eldey var stofnuð í Höfnum af tuttugu og einum félag, nítján körlum og tveimur konum þann 6. desember 1931.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, flutti ávörp og þakkaði fyrir nauðsynlegt starf félaganna í Reykjanesbæ og sagði frá kynnum sínum af félögnum. Síðast fyrir fáeinum dögum var bæjarstjórinn stöðvaður af ungmennum úr ungmennastarfi félaganna, þar sem hann var að hjóla í Reykjanesbæ. Reyndist bæjar-



Það var vel mætt í afmælishátíðina á Holtsgötunni. Mynd frá Björgunarsveitinni Suðurnes.



Guðbjörg Jónsdóttir, Arnar Steinn Elísson, Gunnar Stefánsson, Halldór Halldórsson, Pétur Gunnar Sigurðsson, Siggeir Pálsson og Haraldur Haraldsson hlutu gullmerki Björgunarsveitarinnar Suðurnes. Guðbjörg var tjarverandi.

stjórinn hjálmlaus, auk þess að vanta annan öryggisbúnað á hjól sitt. Hann lofaði að bæta ráð sitt fyrir næsta hjólatúr.

Þegar formlegum veisluhöldum lauk í björgunarstöðinni við Holtsgötu var blásið til hátíðar á útisvæði þar sem bæjarbúum var boðið upp á grillaðar pylsur og gos, Candy floss var fyrir börnin ásamt hoppuköstulum og boðið var upp á sig úr lyftu. Þá voru bátar og bílafloti til sýnis. Þangað mættu um 2.000 manns, ein og fyrr hefur verið greint frá.



Sigurlaug Erla Pétursdóttir, Læila Jensen Friðriksdóttir og Sölbjörg Gunnbjörnsdóttir styra Slysavarnadeildinni Dagbjörgu.



Sigurlaug Erla ávarpar gesti á afmælishátíðinni. VF-myndir: Hilmar Bragi Bárðarson



Það var margt góðra gesta í afmælinu. Alls mættu um 2.000 manns í veisluna.



Kristófer Jón og Sigurlaug Erla taka sér sneidar af afmælistertunum.



BARÁTTUKVEÐJUR

TIL VERKAFÓLKS 1. MAÍ



Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu kveðjur!



Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðgjafi, var viðstaddur þegar verkefni var hleypt af stokkunum.



MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGÁFU VÍKURFRÉTTA

Augnskimun með gervigreind hafin á HSS

HSS leiðir byltingu í augnskimun með gervigreind. Augnskimun við augnsjúkdómum af völdum sykursýki er hafin á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, HSS, í samstarfi við RetinaRisk, sem er fyrirtæki í forystuhlutverki í notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu. Þetta skref markar tímamót í heilbrigðisþjónustu á Íslandi, þar sem HSS tekur í notkun byltingarkennda tækni til að bæta heilbrigðisþjónustu við sína sjúklinga.

Augnskimun með gervigreind frá RetinaRisk mun gera stofnuninni kleift að greina sjónskerðandi augnbotnabreytingar af völdum sykursýki á gríðarlega skilvirkan hátt á stofnunni sjálfri og tilvísa aðeins þeim með staðfestan grun um kvilla til augnlæknis. Þetta minnkar kostnað gríðarlega fyrir sjúklingahópinn í heild sinni ásamt

því að stórbæta aðgengi að skimun og til augnlækna fyrir þá sjúklinga sem þurfa á því að halda.

„Þetta er mjög skemmtilegt dæmi um að nota íslenska nýsköpun í heilbrigðisþjónustu. Ég er gríðarlega þakklátur fyrir forystumenn og kollega mína hérna í Reykjanesbæ að hafa þessa forystu um að taka þetta í notkun. Þetta

snýst um það að koma í veg fyrir að sykursjúkt fólk missi sjónina og koma í veg fyrir sykursýkisblindu. Við gerum það með því að fylgjast með augnum í þeim sem hafa sykursýki og mynda augnbotnana með reglulegu bili. Þá eru þeir meðhöndlaðir sem á þurfa að halda. Við höfum þróað aðferð til að meta áhættu hvers og eins. Við metum einstaklingsbundna áhættu og mest út frá því hversu lengi fólk hefur haft sykursýki, hversu hár blóðsykurinn og blóðþrýstingurinn er og fleira í þeim dúr. Þannig getum við stýrt af meiri nákvæmni hversu oft fólk þarf að koma. Sumir eru í mikilli áhættu og þurfa eftir-



Einar Stefánsson augnlæknir hjá RetinaRisk.

fylgni á þriggja eða sex mánaða fresti til að grípa inn í tímanlega. Aðrir eru í lítilli áhættu og kannski alveg nóg að þeir komi annað eða þriðja hvert ár. Þetta er mikil hagræðing fyrir einstaklingana sjálfa, sem þurfa þá ekki að mæta af öþörfu til læknis og sömuleiðis fyrir heilbrigðiskerfið. Fyrst og fremst er þetta markvissara. Við erum að beina heilbrigðisþjónustunni að þeim sem þurfa virkilega á henni að halda og hlífa hinum við óþarfa þjónustu,“ segir Einar Stefánsson, augnlæknir, hjá RetinaRisk.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja rekur eina stærstu sykursýkis-móttöku landsins með um 1.200 manns í eftirfylgni og hefur getið sér gott orð fyrir einstaklega vel skipulagða nálgun við það starf. Stofnunin þjónar breiðum notendahópi frá mörgum löndum og hefur þurft að nýskapa til að mæta vaxandi þörf sem hefur skilað sér í þeim gæðum sem einkennir starf móttökunnar. Aðgengi að augnskimun á einkareknum augnlæknastofum fer minnkandi

samhlíða mikilli fjölgun fólks með sykursýki og stöðun í aukningu á fjölda augnlækna og kallar það á nýja nálgun sem gervigreindin er vel sett til að leysa.

„Við erum í okkar eftirliti með skjólstaðingum alltaf að fylgjast með tilkomu fylgikvilla. Gallinn hefur verið sá að þegar við þurfum að fylgjast með fylgikvillum í augnbotnum þá höfum við þurft að senda fólk annað, allt hitt erum við að skoða hjá okkur. Núna höfum við tækifæri til að skoða þetta þegar fólk kemur í eftirlit. Við gerum ráð fyrir því að þetta verði skilvirkara og það fái allir skoðun. Við erum frumkvöðlastofnun í þessum málum og þetta er spennandi verkefni,“ segir Hafðís Lilja Guðlaugsdóttir, teymisstjóri heilsueflandi móttöku á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Með þessu nýja samstarfi stefna RetinaRisk og HSS að því að setja nýjan staðal í augnskimun og heilbrigðisþjónustu, sem mun gagnast sjúklingum um allt land.

KARLAKÓR KEFLAVÍKUR

VORTÓNLEIKAR

Mánudaginn 6. og miðvikudaginn 8. maí
klukkan 20:00 - Ytri-Njarðvíkurkirkju



Einsöngur

Guðbjartur Sævarsson Haraldur Helgason
Ingi Eggert Ásbjarnarson Ingólfur Ólafsson
Rúnar Þór Guðmundson

Stjórnandi

Jóhann Smári Sævarsson

Undirleikur

Sævar Helgi Jóhannsson

Miðasala á tix.is (4.500 kr.)
og hjá kórfélögum (4.000 kr.)

Innslag um augnskimunina á HSS í síðasta þætti

SUÐURNESJA
VF **magasín**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi
og langalangafi,

BJARNI ÞÓR EINARSSON,
Pósthússtræti 3, Keflavík,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 18. apríl.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 6. maí klukkan 13.

Mekín Bjarnadóttir Magnús Bergmann Matthíasson
Einar Bjarnason Linda Sveinbjörnsdóttir
Erlingur Bjarnason Ásta Ben Sigurðardóttir
barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabarn.



BARÁTTUKVEÐJUR

TIL VERKAFÓLKS 1. MAÍ



Sendum Suðurnesjamönnum okkar bestu kveðjur!

Úr Garðinum á stóru sviðin úti í heimi



„Það var ofboðslega spennandi þegar áhugi á hljómsveitinni vaknaði í Bandaríkjunum,“ segir Nanna Bryndís Hilmarsdóttir, ein meðlima einnar vinsælustu hljómsveitar Íslands á erlendri grundu, Of Monsters and Men. Nanna ólst upp í Garðinum, fór í FS og heldur ennþá mikilli tengingu við Suðurnesin. Hljómsveitin vann Músíktilraunir árið 2010 og skaust má segja strax upp á stjörnuhimininn. Fjórða platan er í vinnslu en Nanna hefur auk þess gefið út eina sólóplötu og fleiri munu pottþétt fylgja í kjölfarið.

VÍÐTALID

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Nanna er ánægð með að hafa alist upp í Garðinum. Hún fæddist í Keflavík árið 1989 og bjó þar fyrstu árin en ólst svo upp í Garðinum svo fyrstu minningarnar eru þaðan. „Ég var held ég hefðbundið barn, byrjaði snemma að æfa íþróttir og þá helst fótbolta, ég á bara góðar minningar af því að hafa alist upp í Garðinum, þetta er yndislegt samfélag og mér finnst alltaf jafn gott að koma þangað. Ég fékk snemma áhuga á tónlist og um þrettán ára aldurinn fékk ég minn fyrsta gítar. Ég er ættuð frá Vestmannaeyjum, amma mín og afi í móðurætt eru þaðan eins og Geiri frændi minn, sem kenndi mér fyrstu gítargripin og fljótlega var ég farin að semja. Ég hafði strax mjög mikinn áhuga á að reyna búa til lög og skrifa texta, í raun þurfti ég að læra á hljóðfæri til að

geta komið lögnum frá mér. Ég gat dundað mér endalaust inni í herbergi að teikna, skrifa texta og æfa mig á gítarinn og ég gekk líka í tónlistarskólann í Garðinum, var með frábæra kennara þar. Ég var ánægð með hvað þeir ýttu mér meira út í að læra m.v. að ég væri að semja, í stað þess að kenna mér á hefðbundinn máta. Mér fannst leiðinlegt að læra nótur og þetta hefðbundna sem manni er kennt í tónlistarskóla en fékk í staðinn aðeins að leika lausum hala. Í dag er ég hins vegar farin að hafa áhuga á að læra að lesa nótur, mér finnst magnað hvernig tónlistarmaður getur mætt í gigg án þess að hafa heyrnt viðkomandi lag og spilar það bara eftir nótum!

Eftir grunnskóla fór ég í FS og var þá farin að spila aðeins opinberlega, kynntist fljótlega Brynjari Leifssyni, gítarleikara, sem er með mér í Of Monsters and Men (OMAM) í dag og við fórum að spila saman. Við byrjuðum að spila í Keflavík, t.d. á Paddy's og vorum farin að

spila talsvert í Reykjavík og víðar. Þarna vorum við eingöngu að spila mín lög, við Brynjar höfðum mjög svipaðan tónlistarsmekk og „bonduðum“ mjög vel tónlistarlega. Eftir nám í FS flutti ég svo til Reykjavíkur, fór í myndlistarskólann að læra myndlist, vann m.a. á videoleigu og var að spila, fljótlega urðu svo kaflaskil má segja.“

Of monsters and men

Það leið ekki á löngu þar til upphafið af því ævintýri sem er búið að vera í gangi síðan þá og er hugsanlega bara rétt byrjað, hófst.

„Fljótlega eftir að ég flutti í bæinn kynntist ég Ragga [Ragnar Þórhallsson, söngvari og gítarleikari í OMAM], ég hafði heyrnt hann syngja og hreifst af röddinni hans, spurði hvort hann vildi ekki prófa að syngja og spila með mér. Hann var til og við spiluðum þrjú saman í smá tíma en svo kom að Músíktilraunum og við ákváðum að skrá okkur til leiks. Raggi þekkti trommuleikarann Arnar

Rósenkranz Hilmarsson sem var í hljómsveitinni Cliff Clavin en hann var orðinn þreyttur á að tromma og vildi spila á eitthvað annað með okkur, endaði á að spila á melódikku, Raggi spilaði á klukkuspil, ég á kassagítar og Brynjar á rafmagnsgítar. Við æfðum okkur fyrir keppnina og fimm mínútum fyrir skráningu kom Raggi upp með nafnið á hljómsveitinni, Of monsters and men en það kom úr hugarheimi Ragga sem var að gera myndasögu sem fjallaði um mannfólk og skrímli. Við tókum þrjú lög í keppninni og eitt þeirra, Love, love, love rataði svo á fyrstu plötuna okkar sem heitir My head is an animal. Hin lög voru Phantom og Sugar in a bowl, þau komu bæði út á tíu ára afmælisútgáfu My head is an animal. Okkur gekk greinilega vel í keppninni, við unnum og verðlaunin voru m.a. upptökutímar í stúdíói og við réðumst strax í að taka upp plötu. Þeir tuttugu stúdíótímar sem við fengum í verðlaun dugðu skammt en við söfnuðum öll peningum, fengum lánað og My head is an animal kom út 20. september 2011, ári eftir að við unnum Músíktilraunir,“ segir Nanna.

Áhugi frá Bandaríkjunum

Hljómsveitin tók breytingum eftir sigurinn í Músíktilraunum. Arnar fór í sína eðlilegu stöðu á bak við trommusettið, Kristján Páll Kristjánsson plokkaði bassann og Árni Guðjónsson spilaði á píanó, hljómborð og harmonikku. Ragnhildur Gunnarsdóttir, trompetleikari, var líka í bandinu á þessum tíma en síðan þá eru hún og Árni snúin til annarra verka. Sveitin kom fram á Iceland Airwaves haustið 2011 og út frá því fæddist óvænt áhugi frá Bandaríkjunum.

„Þegar við gáfum plötuna út höfðum við mesta trú á tveimur lögum en útvarpsstöðvarnar höfðu mesta trú á Little talks, blessunarlega má kannski segja því lagið fékk strax mjög mikla spilun. Ég man hvað það var góð tilfinning að vita að fólk kynni að meta tónlistina okkar en þess ber líka að geta að á þessum tíma var landslagið allt öðruvísi, Spotify var ekki komið til sögunnar, Facebook varla eða hvað þá aðrir samfélagsmiðlar og plötu- og geisladiskasala enn á fullu. Við vorum mikið að spila í kringum Iceland airwaves árið 2011 og á einu giggi á torgi niðri í bæ segir sagan að Bandaríkjamaður hafi labbað hjá, hlustað á okkur spila Little talks og tók

OF MONSTERS AND MEN **MEÐ**



Ljósmyndir úr einkasafni Nönnu Bryndísar.

Það upp á símann sinn og sendi vini sínum sem vann á útvarpsstöð í Bandaríkjunum. Útvarpsstöðin setti lagið strax í spilun og það breiddist víðar út. Við vorum líka að spila á svokölluðu „Off venue“ [tónleikar utan dagskrár] á Iceland airwaves fyrir útvarpsstöð í Seattle sem heitir KEXP og áður en varði vorum við komin með ansi mikla spilun víða í Bandaríkjunum. Þegar ég hugsa til baka er gaman að velta fyrir sér litlu tilviljununum í lífinu, hvað hefði gerst ef þessi maður hefði ekki gengið fram hjá þegar við vorum að spila á þessu torgi, eða ef við hefðum ekki nennt að spila þetta gigg heima í stofu hjá Ragga fyrir KEXP, sem kom upp með skömmum fyrirvara. Upp frá þessu kom mikill áhugi frá Bandaríkjunum og við spiludum „showcase“-tónleika [tónleikar settir upp fyrir plötufyrirtæki], gerðum í kjölfarið samning við Universal Music og út frá þessu vorum við farin að spila á fullu í Bandaríkjunum, tókum þátt í fullt af tónlistarhátíðum og spiludum mikið.“

Vel heppnuð önnur plata

Oft er talað um að hljómsveitir eigi erfitt með að fylgja góðri frumraun eftir. Það átti aldeilis



„Við erum öll rúmum tíu árum eldri, erum búin að þroskast og breytast og eðlilega breytist tónlistin með.“

ekki við um Of monsters and men, önnur plata sveitarinnar, Beneath the skin fékk frábæra dóma og mörg laganna fengu mikla útvarpsspilun. Sterkasta vígi hljómsveitarinnar eru Bandaríkin en hróðurinn er farinn að berast út um allan heim.

„Þegar við gefum út plötu höfum við venjulega tekið tvo Ameríku- og Evróputúra og farið einu sinni til Asíu, Ástralíu og Suður Ameríku. Okkur tókst mjög vel upp með aðra plötuna og lagið Crystals fékk strax mikla spilun. Við túruðum og fórum svo að vinna að gerð þriðju plötunnar, Fever dream sem kom út árið 2019. Við gátum ekki fylgt þeirri plötu eins vel eftir því COVID skall á ári síðar og svo erum við að vinna í fjórðu plötunni núna. Það er fróðlegt að velta fyrir sér hvernig við erum að vinna þessa fjórðu plötu, ég held að þótt við glöð vildum þá gætum við ekki samið þessa plötu eins og þá fyrstu. Við erum öll rúmum tíu árum eldri, erum búin að þroskast og breytast og eðlilega breytist tónlistin með. Ég er t.d. farin að leika mér að því að semja lög með því að stilla gítarinn öðruvísi en í hefðbundinni stillingu. Þekktasta aðferðin er hugsanlega að „dropa D-strengnum“ [E strengur gítars lækkaður í D]. Ég hef t.d. mjög gaman af því að stilla gítarinn í D, A, D, Fís, A D. Þegar maður leggur þannig hljóm þá ómar gítarinn ofboðslega fallega, svo setur maður puttana bara einhvers staðar sem meikar engan sens í hefðbundinni stillingu og eitthvað nýtt og fallett gerist. Ég fór að reyna þetta þegar ég var orðin þínulítið leið á að spila á gítarinn með hefðbundinni stillingu, þá var frábært að geta

víkkað sjóndeildarhringinn svona út,“ sagði Nanna.

Sólóplata og framtíðin

Eins og kom fram var Nanna lengi búin að spila ein áður en hljómsveitin var stofnuð. Eðlilega breytti hún sínum aðferðum við að semja því hljómsveitin vinnur öll lög saman. Unga, litla Nanna var kannski búin að sitja á haknum allan þennan tíma og þegar COVID brast á ákvað Nanna að endurnýja kynnin við hana og gaf út sína fyrstu sólóplötu, How to start a garden.

„Ég gaf sólóplötuna út í maí í fyrra en hún var tekin upp í nágrenni New York, m.a. í stúdíói sem heitir Dreamland og var áður kirkja, hljómburðurinn þar er einstakur. Á plötum hljómsveitarinnar hefur alltaf læst eitt

og eitt rólegt lag en yfir höfuð eru alltaf meiri læti hjá okkur en ég var vön þegar ég byrjaði ein. Þess vegna hefur sú hlið mín kannski verið í farþegasætinu og mér fannst kjörið tækifæri að endurvekja hana í COVID, ég þurfti að fá útrás fyrir þá hlið í mér. Raggi sem er með mér hljómsveitinni kom aðeins að gerð plötunnar með mér en annars vann ég hana alfarið með nýju fólki, t.d. Bjarna Þór Jenssyni sem er frábær tónlistarmaður og vinur minn. Hann er að taka nýju plötu OMAM upp núna en hún verður öll tekin upp í stúdíóinu okkar hér á Íslandi. Við erum sjálf að fara gefa þessa plötu út, þ.e. við erum ekki með útgáfufyrirtæki og því er engin tímapressa á okkur. Ég er svolítið spennt yfir þessu því þetta minnir mig á þegar við byrjuðum, þá vorum við ekki hjá neinu útgáfu-

fyrirtæki. Ég held að það sé raunhæft að stefna á að platan komi út í lok árs eða í byrjun næsta árs.

Ef þú spyrð mig hvað síðasta plata seldist í mörgum eintökum þá veit ég ekki einu sinni svarið við því, þetta er svo ofboðslega breytt landslag, það kaupir enginn plötur lengur. Hörðustu aðdáendurnir kaupa alltaf plötuna en eins og ég segi, ég hef ekki hugmynd um hvað sú síðasta seldist í mörgum eintökum.“

Hvar verður Nanna eftir þrjú ár?

„Góð spurning. Þegar við verðum búin að klára fjórðu plötuna og fylgja henni eftir finnst mér líklegt að ég fari að taka upp næstu sólóplötuna mína en annars veit maður aldrei, kannski verð ég komin í allt aðrar þælingar þá. Ég er 35 ára gömul í dag og er spennt fyrir framtíðinni, hljómsveitin er á frábærum stað og verður fróðlegt að sjá hvernig við munum þróast.“

Ég fer oft út í Garð, mamma og amma búa þar og mér finnst alltaf jafn gott að koma þangað og er ofboðslega þakklát fyrir að hafa alist þar upp. Allt þetta frelsi gerði mér gott, þarna byrjaði sköpunargleðin að krauma í mér og ljóst að mér mun alltaf þykja mjög vænt um Garðinn minn. Ætli ég eigi ekki eftir að semja fleiri lög um staðinn í framtíðinni en eitt laganna á sólóplötunni minni, Seabed, fjallar um Garð. Það er eina lagið sem ég hef að hluta til sungið á íslensku en alltaf þegar ég flutti lagið á tónleikaferðinni eftir útgáfu plötunnar sagði ég áheyrendum að lagið væri um heimabæinn minn á Íslandi, sem mér þykir svo vænt um,“ sagði Nanna að lokum.



FJÓRÐU PLÖTUNA Í SMÍÐUM



Aðalgeir Jóhannsson hélt útgáfuhóf á laugardagskvöldið í tilefni af útgáfu bókar sinnar, Grindavíkurbúlss, á neðstu hæð Bryggjunnar í Grindavík en þar liggja einmitt rætur Alla. Veitingastaðurinn var þétt setinn.

Alli á Eyri hélt útgáfuhóf á Bryggjunni í Grindavík

Aðalgeir Jóhannsson, oft nefndur Alli í Möskva, Alli á Eyri, Alli á Bryggjunni eða Melurinn, hélt útgáfuhóf á laugardagskvöldið í tilefni af útgáfu bókar sinnar, Grindavíkurbúlss, á neðstu hæð Bryggjunnar í Grindavík en þar liggja einmitt rætur Alla.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Fjölmargir Grindvíkingar lögðu leið sína á Bryggjuna og heiðruðu Alla á þessum merku tímamótum í lífi hans. Alli las eina af sögunum í bókinni upp fyrir viðstadda og er skemmt frá því að segja að hann ætlaði sér að lesa söguna í þremur hlutum en þar sem heyrna mátti saumnál detta allan tímann á meðan hann las, var Alli beðinn um að klára alla söguna í beit. Það gerði hann með glöðu geði og ekki nóg með það, hann greip í gítarinn

og flutti nokkur lög á sinn einstaka hátt en sumir gesta vilja meina að söngrodd Alla sé með þeim betri sem fyrirfinnast.

Áður en Alli las upp úr bókinni og tróð upp, gæddu gestir sér á fráberum veitingum sem Bibí, eigin kona Alla hafði töfrað fram en hún sá um baksturinn á Bryggjunni á meðan þeir bræður, Alli og Krilli réðu þar ríkjum.

Var mál manna að einkar vel hefði tekist til og vildu sumir meina að þetta hafi verið táknrænt skref í endurreisn Grindavíkur.

Alli var djúpt snortinn þegar hann hélt heim á leið eftir vel heppnað kvöld á Bryggjunni sinni.

„Það verður mikið glaður maður sem leggst til hvílu í kvöld, þetta er

búið að vera ofboðslega skemmtilegt og ég vona að gestir hafi skemmt sér eins vel eða betur en ég gerði. Viðtökurnar við bókinni minni, Grindavíkurbúlss, hafa farið fram úr mínum björtustu vonum og sýnist mér allt stefna í að ég þurfi að fá Svavar vin minn í Stapaprenti til að prenta annað upplag. Þeir sem vilja eignast bókina, ég er í símaskránni og þið getið hringt í mig hvenær sem er, ég mun glaður afhenda bókina í eigin persónu og ef viðkomandi vill fá hana áritaða, er það að sjálfsögðu í boði,“ sagði listaguð Grindavíkur.

Það voru fyrirtækin Einhamar, Stakkavík, Vísir og Þorbjörn ásamt innflytjanda Föroyar bjór, sem stóðu strauminn af kostnaði kvöldsins og vill Alli koma kærum þökkum til þeirra fyrir viðvik.



Aðalgeir Jóhannsson, oft nefndur Alli í Möskva, Alli á Eyri, Alli á Bryggjunni eða Melurinn. VF/SDD



Fjölbreytt verkefni á æfingu Brunavarna Suðurnesja

Svokallaður langur laugardagur var hjá Brunavörnum Suðurnesja um nýliðna helgi. Þá æfði slökkviliðsfólk úr aðal- og varaliði slökkviliðs BS saman við fjölbreyttar aðstæður á þremur stöðum í Reykjanesbæ.

Æfingastöðvar voru settar upp í ípróttahúsi Myllubakkaskóla, sem verður rífið á næstu dögum. Slökkviliðsfólk fékk því tækifæri til að rjúfa göt á þak hússins. Innandyra voru svo reykkaðar að leysa þrautir í gamla ípróttasalnum.

Við Njarðvíkurhöfn voru æfingar á sjó og þar nutu Brunavarnir Suðurnesja aðstoðar frá sjóflokki Björgunarsveitarinnar Ægis í Garði, sem mætti með báta á staðinn.

Í æfingaaðstöðu Brunavarna Suðurnesja í gömlu sorpeyðingarstöðinni við Hafnaveg voru umferðarslys sett á svið og þar var klippunum beitt óspart.

Meðfylgjandi myndir tóku Hilmar Bragi og Sigurður Skarphéðinsson á æfingunni.



Erfitt um vik að hækka varnar- og leiðigarða meira við Grindavík

■ Til skoðunar að byggja rás og lítinn leiðigarð til að taka við yfirflæði.

Framkvæmdir við varnar- og leiðigarða vestan Grindavíkur ganga vel. Unnið er við varnargarða sem á kortum heita L9 og L10. Þeir liggja vestan Grindavíkur frá Bláalónsvegi og að suðvesturhorni við íbúðagötuna Fornuvör. Milljarða króna kostnaður er við varnargarðana umhverfis bæði Svartsengi og Grindavík. Um áramót var greint frá því í fréttum að hann væri samantlagt um tíu milljarðar króna. Framkvæmdakostnaður er innan áætlana.

VF GRINDAVÍK

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



„Við erum að gera ráð fyrir að garðarnir klárast í kringum 10. maí. Nesvegur verður færður lítillega þar sem hann kemur suður úr mislönduninni og lækkaður svo

vegurinn hamli ekki mögulegu hraunflæði. Það verður byrjað á þessu fljótlega, en gert er ráð fyrir að Nesvegur verði fær meðan á framkvæmdum stendur,“ segir Ari Guðmundsson, byggingarverkfræðingur hjá Verkís, sem hefur umsjón með verkinu.

Landformun og gerð rásar á svæðinu vestan byggðarinnar nær einungis að Nesvegi. Varnar- og

leiðigarðurinn L10, sem unnið er að í þessum áfanga, nær suður fyrir Fornuvör. Að svo komnu máli er ekki gert ráð fyrir landformun neðar á því svæði

Aðspurður segir Ari að ekki hafi verið rætt um að sá í varnargarðana vestan byggðarinnar í sumar. „Við snyrtum garðana eins og hægt er, en endanlegt útlit hefur ekki verið ákveðið enn.“

Nú er hraun búið að ná hæð garða og rúmlega það austan við bæinn. Verða þeir hækkaðir frekar eða ráðist í aðrar aðgerðir í ljósi þess að hraun er farið að leka yfir þá?

„Það fer að verða erfitt um vik að hækka garð L12 meira þar sem hann er orðinn mjög hár að hluta. Til skoðunar er frekar að byggja rás og lítinn leiðigarð fyrir innan í staðinn til að taka við mögulegu yfirflæði,“ segir Ari Guðmundsson, byggingarverkfræðingur hjá Verkís, í samtali við Víkurfrétta.



Að ofan: Hraunið er orðið herra en varnargarðurinn austan byggðarinnar í Grindavík.

Að neðan: Varnar- og leiðigarðar vestan byggðarinnar í Grindavík. Húsin við Fornuvör næst garðinum. VF/Hilmar Bragi



Rauðglóandi hraun í hrauntungunni austan við varnargarðana við Grindavík.



ÞJÓNUSTUFULLTRÚI MSS

MSS óskar eftir þjónustuliprum einstaklingi sem vill vera hjarta MSS gagnvart viðskiptavinum og starfsfólki. Við leitum að einstaklingi sem á auðvelt með að vinna í teymi, er jákvæður, skapandi, sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, getur hugsað í lausnum og veitir góða þjónustu.

Helstu verkefni

Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina, kennara og starfsmanna
Skráning á námskeið MSS, almenn ritarastörf og símsvörun
Aðstoð við tölvutengingar/skjávarpa Reikningagerð
Umsjón með fjarnemum og próftöku
Umsjón með birgðum og húsnæði MSS

Hæfnikröfur

Mikil þjónustulund
Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði, sjálfstæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni í vinnubrögðum
Góð tölvukunnátta og geta til að tileinka sér tækninýjungar
Færni í teymisvinnu
Góð íslensku- og enskukunnátta
Stúdentspróf æskilegt

Nánari upplýsingar veitir Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður, ina@mss.is
Umsóknnum skulu fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.
Sækja þarf um starfið á alfred.is
Umsóknarfrestur er til og með 5. maí 2024.
Nánari upplýsingar á www.mss.is



Björn Skúlason er fæddur og uppalinn Grindvíkingur en hefur búið utan heimahaganna frá því um tvítugt. Árið 1999 urðu straumhvörf í lífi hans þegar hann kynntist eiginkonu sinni, Höllu Tómasdóttur, en það nafn ætti að kveikja á bjöllum hjá sumum, hún býður sig aftur fram til embættis forseta Íslands en minnstu munaði að hún hlyti kjör árið 2016. Þegar Bjösssi var í kosningabaráttunni með Höllu árið 2016 var honum bent á fæðubótarefni sem lagaði skrokkinn á honum. Í kjölfarið fæddist viðskiptahugmynd og just björn varð til.



Björn og Halla Tómasdóttir á fundi í Keflavík nýlega. VF-mynd/Sigurbjörn.

Mun Grindvíkingurinn verða fyrsti forsetaherra á Bessastöðum?

■ Björn Skúlason selur fæðubótarefnið just björn á alþjóðamarkaði en það er unnið er úr þorskroði. Stundaði fótbolta og körfubolta í Grindavík og heillaðist svo af golfþróttinni.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Bjösssi sleit barnsskónum í Grindavík og var einn þeirra sem aðhylltist íþróttir og þá aðallega fót- og körfubolta. Hann var ansi efnilegur í báðum greinum en fljótlega varð ljóst að fótboltinn yrði ofan á. Hann byrjaði líka í golfi á upphafsárum íþróttarinnar í Grindavík og lenti einu sinni í ansi sköndu atviki.

Hér um bil draumhögg

„Ég gleymi þessu ekki. Golfvöllurinn í Grindavík var þannig á þessum tíma að fljótlega á hringnum var þar þrjú hola og var algerlega blind, þ.e. maður sá ekki boltann lenda. Þetta var í keppni og ég átti gott högg en átti samt ekki von á að ógna draumhögginu. Leifur Guðjónsson var í næsta holla fyrir framan mig, hann sá hvar boltinn lenti, skreið að boltanum og setti ofan í holuna! Við komum og fórum að leita og Leifur tók þátt í leitinni, svo datt mér í hug að athuga hvort boltinn hefði nokkuð farið ofan í. Viti menn, þar var boltinn og því lík fagnaðarlæti brutust út! „High five“ á alla viðstadda og ég sveif hreinlega um allan hringinn og þegar ég ætlaði stoltur að fara skrifa undir skorkortið að mótinu loknu sagði Leifur mér hið sanna, því lík vonbrigði!“

Fjölbreyttur starfsferill

Bjösssi var ungur farinn að leika með meistaraflokki Grindavíkur í knattspyrnu, var í æfingahópnum þegar liðið komst loksins upp úr gömlu þriðju deildinni og fékk nokkra leiki skráða þegar liðið fór alla leið í bikarúrslit og komst upp í efstu deild árið 1994. Hann á ellefu leiki skráða með Grindavík á fyrsta árinu í úrvalsdeild en ákvað svo að skipta yfir í KR árið 1996 og spilaði eitt tímabil með þeim svart-röndóttu. Hann lék með Grindavík það sem eftir lifði knattspyrnuferilsins en frá árinu 1993 til 1996 hafði hann líka leikið knattspyrnu samhliða háskólanámi í Bandaríkjunum.

„Ég fékk háskólastyrk við Auburn Montgomery Alabama og lék með knattspyrnu liði skólans. Þetta var mjög eftirminnilegur og skemmtilegur tími og gaman að fá að upplifa menningarheima sem voru svo gjörólíkir þeim sem ég þekkti frá Grindavík. Þegar ég kom heim hélt ég áfram að spila með Grindavík og árið 1999 urðu kaflaskil í mínu lífi en þá kynntist ég eiginkonu minni, Höllu Tómasdóttur. Ég hafði hitt Höllu áður, þá var hún kærasta liðsfélaga míns en ég heillaðist strax af henni. Við hittumst svo óvænt sjó árum síðar í Eurovision-party en þá var Selma að syngja All out of luck, textinn átti alls ekki við um okkur og við felldum hugi saman og höfum verið óaðskiljanleg allar götur síðan.“

Upp úr þessu réði mig í vinnu hjá Tryggingarmiðstöðinni, átti svo í fyrirtæki sem hét Birta - vefauglýsingar. Árið 2004 ákvaðum við svo að fara til Englandis þar sem Halla hóf doktorsnám og ég fór í meistaranám í stjórnunarsálfræði. Í framhaldi af því hóf ég störf hjá Íslandsbanka árið 2007 í eignastýringu, fór þaðan yfir til Auður capital sem Halla hafði stofnað ásamt öðrum en hjá Auði Capital komumst við í gegnum hruntímabilið án þess að tapa krónu fyrir viðskiptavinum okkar. Árið 2012 ákvað ég að venda kvæði mínu í kross og við fluttum til New York og ég skræði mig í heilsukokkanám í Natural gourmet institute. Að námi loknu fluttum við til Kaupmannahafnar og þar stofnaði ég veislubjónustu. Þegar við fluttum svo til Íslands árið 2015 réði ég mig í starf hjá Nóatúni og gegndi því þar til Halla ákvað að taka nýjan pól í hæðina,“ segir Bjösssi.

Úr Grindavík á Bessastaði?

Skorað var á Höllu fyrir forseta kosningarnar árið 2016 að bjóða sig fram og eftir gaumgæfilega hugsun ákvað hún að taka slaginn. Í upphafi var varla hægt að sjá að hún væri í framboði, sitjandi forseti, Guðni Th. Jóhannesson, Andri Snær Magnason og Davíð Oddsson áttu sviðið en Höllu óx ásmegin eftir því sem leið á og vilja sumir meina að ef kosningabaráttan hefði staðið viku lengur hefði hún hreppit hnossið en að lokum endaði hún með tæp 28% atkvæða í öðru sæti.

Út frá því bauðst henni einstakt tækifæri.

„Höllu bauðst frábært tækifæri árið 2018 og hún réði sig í starf sem forstjóri The B team eins og það heitir en þetta eru samtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og starfa að því að breyta viðteknum venjum og stuðla að nýrri sýn fyrirtækja þar sem áhersla er meðal annars lögð á sjálfbærni, umhverfismál og jafnrétti. Við fluttum til Bandaríkjanna við þessi tímamót og höfum búið í litlum bæjum það bil klukkustundar akstursfjarlægð frá New York en eigum líka heimili á Íslandi, þannig að við höfum skipt tíma okkar á milli Íslands og Bandaríkjanna. Þegar Guðni forseti gaf út um áramótin að hann myndi ekki sækjast eftir embætti áfram varð strax til þrýstingur á Höllu að bjóða sig fram og hún ákvað að taka slaginn á ný. Hún er í leyfi frá The B team og getur snúið aftur til baka ef við endum ekki á Bessastöðum. Þegar ég hugsa til baka þegar ég bjó í Grindavík, sá ég nú líklega ekki fyrir mér að ég ætti hugsanlega eftir að enda sem fyrsti forsetaherra á Bessastöðum en ef það gerist mun ég ekki láta mitt eftir liggja. Styðja konuna mína en einnig tala fyrir þeim málefnum sem brenna á mér sem eru heilsa, góð næring, hreyfing og almenn lýðheilsa. Auðvitað er ég hlutdrægur en ég veit að Halla mun reynast frábær forseti ef hún nær kjöri. Ég er viss um að hún muni hækka í skoðanakönnunum eftir því sem kappæðum fjölgar en það eina sem hún biður um er að fólk kynni sér alla framþjóðend-

”

Auðvitað er ég hlutdrægur en ég veit að Halla mun reynast frábær forseti ef hún nær kjöri. Ég er viss um að hún muni hækka í skoðanakönnunum...

urna og nýti svo kosningaréttinn. Hún var nærri kjöri árið 2016 og eftir sitt frábæra starf á alþjóðlegum vettvangi fyrir The B team, veit ég að hún mun nýta þá reynslu sína og tengslanet til góds fyrir íslensku þjóðina ásamt því að leggja áherslu á íslenska tungu, menningu og listir. Ég hlakka mikið til komandi kosningabaráttu en við erum að ferðast vítt og breytt um allt landið þar sem Halla kynnr fyrir hvað hún stendur.“

just björn


Þegar Bjösssi var í kosningabaráttunni með Höllu fyrir 2016 kom hann til Grindavíkur og hitti gamla formanninn sinn hjá knattspyrnu-deild UMFG, Jónas Karl Þór-hallsson. Sá fundur leiddi Bjösssa á þann stað sem hann er kominn á í dag.

„Ég var búinn að vera í tómu veseni með líkamann á mér, var búinn að fara í þrjár axlaógerðir, var að drepast í baki, hnjám og öklklum. Jónas hvatti mig til að prófa collagen sem er prótein unnið úr þorskroði. Ég hafði engu að tapa og það skipti engum togum, ég varð eins og nýr maður. Ég gat byrjað að æfa á ný, hellti mér út í crossfit og hef ekki fundið fyrir neinu síðan og út frá þessum straumhvörfum fór ég að vinna að viðskiptahugmynd varðandi fæðubótarefni. just björn varð til árið 2021 og fyrsta varan kom á markað í nóvember 2022. Í október í fyrra kom ég vörinni inn á Amazon og tók salan mikinn kipp við það svo ég myndi segja að just Björn sé komið á góða siglingu og ég hlakka mikið til að sjá hvernig framtíð fyrirtækisins mun þróast.“

Upphaflega hugmyndin mín var að að kaupa collagenið frá Íslandi og það frá fyrirtæki í Grindavík sem heitir Marine Collagen en þeir áttu erfitt með að útvega vöruna. Fyrst voru erfiðleikar með að þurrka collagenið en þegar þau mál voru að leysast byrjuðu jarðhræringar og svo eldgos við Grindavík. Ég endaði því á að kaupa efnið frá framleiðanda í Noregi. Collagenið er sent út til Bandaríkjanna þar sem ég er með framleiðanda sem blandar og þakkar vörinni fyrir mig og sendir á markað undir vörueitinu just björn.

Ég er byrjaður að skoða aðrar vörur og er að fara taka inn vöru frá Siglufirði sem unnin er úr rækjuskel. Þetta er trefjavara sem heldur kólesteróli í skefjum og er á allan hátt frábær vara. Ég er að skoða fleiri vörur og myndi segja að framtíð just björn sé björt. Vonandi flytjum við Halla á Bessastaði, það yrði skemmtilegt og spennandi verkefni til að takast á við, en ég hef mikinn áhuga á því að nýta kokka- og næringarfræðinamið mitt til að valdefla og fræða fólk um gott mataræði og næringu ásamt því að vinna að góðri lýðheilsu.

Við Halla eigum tvö yndisleg börn, Tómas Bjartur fæddist árið 2001 og er í háskólanámi í Stony Brook University sem er rétt fyrir utan New York, hann er að læra viðskiptafræði og fékk styrk út á fótbolta eins og pabbi gamli. Auður Ína fæddist árið 2003 og er að læra sálfræði í Hunter College sem er í New York, hún fékk styrk út á námsárangur. Það verður spennandi að sjá hvað börnin okkar munu leggja fyrir sig, ég hlakka til framtíðarinnar,“ sagði Bjösssi að lokum.



Bjösssi ungur að árum með félagum sínum úr Grindavík á fótboltaæfingu, hann er annar frá vinstri í miðröð. Til hliðar má sjá Björn með pakka af just björn.

■ Fjóla Jónsdóttir kom með danska smurbrauðs stemmningu til Keflavíkur eftir fimm ára dvöl í Kaupmannahöfn. Rauðspretta og roast beef vinsælast. Hefur hlotið góðar viðtökur á Library á Park Inn hótelinu.

Nú bý ég til lista- verk á brauði

„Við höfum mikla trú á því að við getum komið upp skemmtilegri smurbrauðsmenningu á Suðurnesjum bæði fyrir heimafolk og ferðamenn. Þetta er jú mjög vinsæl matarmenning á Norðurlöndum og okkur langaði að fara þá leið því við sjáum að það hefur notið mikilla vinsælda hjá Íslendingum bæði hér á landi og einnig hjá þeim sem ferðast til annara Norðurlanda,“ segir Fjóla Jónsdóttir sem er komin heim á ný eftir fimm ára dvöl í Kaupmannahöfn þar sem hún lærði smurbrauðsgerð en í borginni er löng hefð fyrir smurbrauði og öli.



Páll Ketilsson
pket@vf.is

Hvað geturðu sagt okkur um þessa nýjung að bjóða upp á danskt smurbrauð á Library?

„Hugmyndin er kominn eftir að hafa búið í Danmörku og unnið mikið með smørrebrød, vöntunin á slíkum stað hér á Suðurnesjum var til staðar þar sem fólk getur komið að degi til og fengið sér smurbrauð og/eða kókusneid.“

Við ætlum að leggja mikinn metnað í okkar rétti, bæði halda í klassisku smurbrauðin ásamt því að þróa einhverjar nýjungar. Aðal áherslan er að ná til sem flestra og getað boðið upp á skemmtileg og vel útlátin smurbrauð. Við tókum eftir því þegar við byrjuðum að gestir voru spenntir yfir þessari nýjung og var þá tekin ákvörðun að halda í þessa stefnu, þróa og betrubæta réttina og gera þetta að „okkar“. En ég vil ég benda fólki á að við bjóðum einnig upp á bistro matseðil sem er undir skandinavískum áhrifum með frönsku ívafi.“

Hvaða tegundir verður boðið pp á og hvað er vinsælast?

Til að byrja með ætlum við að bjóða upp á sex tegundir, þetta hefðbundna eins og rauðsprettu og roast beef sem eru vinsælustu tegundirnar en líka rækjur og fleira en fljótlega munum við koma inn með fleiri tegundir. Við ætlum líka að vera með svona árstíðarbundin stykki og fleiri nýjungar. Á næstu dögum munum við líka bæta inn smurbrauðs smakplatta og allt verður þetta líka í boði í „take-away.“ Viðtökurnar hafa verið frábærar og við erum alveg himinlifandi.“



Hvernig kynntist þú því og hver er reynsla þín úr danska smurbrauðinu sem margir þekkja?

„Ég kynntist því fyrst hér á Íslandi fyrir löngu síðan þegar Marientza Poulsen var með jólahlaðborðin á Hótel Loftleiðum og síðan þá hefur Marenza verið mitt „Idol“ enda erum við góðar vinkonur í dag. Þá bjó ég oft til svona veislur fyrir vini og bauð upp á „Smørre og öl“. Brauðin mín þá voru nú reyndar ekki eins og brauðin mín eru í dag. Nú bý ég til listaverk á brauði.“

Fjóla sem er Keflvíkingur bjó í Kaupmannahöfn í tæp fimm ár þar sem hún lærði að gera alvöru smurbrauð hjá Lea Palshøj Schultz sem var smurbrauðsómfrú hjá Hallernes Smørrebrød. „Lea kenndi mér mikið, enda algjör snillingur og ég vann sem smurbrauðsómfrú hjá Hallernes Smørrebrød allan tímann sem ég bjó í Kaupmannahöfn. Stundum vorum við að gera mörg hundruð stykki á dag enda Hallernes einn af vinsælustu smurbrauðsstöðunum í Kaupmannahöfn. Þetta var ótrúlega skemmtilegur tími og þarna eignaðist ég marga góða vini og kunningja sem ég er í góðu sambandi við í dag.“

Fjóla hefur lengi verið í myndlistinni og hún segir að þetta hafi



passað vel með henni en svo ákvað hún nýlega að flytja aftur heim.

„Ég var farin að sakna litlu fjölskyldunnar minnar á Íslandi og þá bauðst mér vinna sem „Sous chef“ á Jómfrúnni í Leifsstöð þar sem ég var í tæpa sjö mánuði en nú er ég vinna sem markaðs- og sölustjóri hjá Library bistro/bar og Park inn By Radisson Keflavík og má því segja að núna sé ég komin heim.“

Hvernig var vera þín í Kaupmannahöfn?

„Kaupmannahöfn er æðisleg. Mér leið alveg svakalega vel þar enda er ég búin að skreppa í nokkrar heimsóknir þangað síðan ég flutti heim. En þetta var reyndar líka alveg erfitt fyrst enda er það bara eðlilegt þegar maður er að flytja í nýtt land og þarf að aðlagast því enda margt ódruvísi en maður er vanur. Þar komu Keflvíkingarnir Hrannar Hólm og Halla sterk inn, algjörlega ómetanlegt allt það sem þau gerðu fyrir mig Ég held ég hafi aldrei skrifað undir neitt plagg sem skipti máli án þess að fá Hrannar til að lesa yfir og blessa og Halla kynnti mig fyrir Félagi kvenna í atvinnulífinu í Danmörku og þar kynntst ég mínum heimsins bestu vinkonum Helenu Helgadóttur og Hörpu Guðmunds-

Við ætlum að leggja mikinn metnað í okkar rétti, bæði halda í klassisku smurbrauðin ásamt því að þróa einhverjar nýjungar. Aðal áherslan er að ná til sem flestra og getað boðið upp á skemmtileg og vel útlátin smurbrauð ...

dóttir og höfum við brallað ýmislegt skemmtilegt saman.“

Danir ferkantaðir

Fjóla segir Dani upp til hópa yndislegt fólk „en kannski stundum aðeins of ferkantaðir og stífir, lítið um „þetta reddast“ eins og okkur Íslendingum er svo tamt. Mér fannst frábært að búa í Köben, ég eignaðist líka marga góða vini bæði íslenska og danska. Ég fékk líka mikið af heimsóknum frá fjölskyldu og vinum, kom reyndar sjálf bara einu sinni til Íslands á þessum fimm árum. Þegar ég hélt sýningu í Jónshúsi í nóvember 2022 mættu yfir 30 manns frá Íslandi til að vera við opnunina hjá mér, það er svo dýrmætt að eiga góða að.“

Fjóla segir að ekki skemmi veðrið og hún hafi verið fljót að aðlagast dönsku stemmningunni. „Mér fannst einhvern veginn allir dagar vera laugardagar og ég var fljót að detta inn í „Hygge“ stemmninguna. Maður var endalaust að hitta vini og kunningja í hinum

ýmsu gördum og gera vel við sig í mat og drykk og hlæja og spjalla. Ég get alveg sagt að ég sakna Kaupmannahafnar og vina minna þar en það er stutt að skreppa.“

Nóg að gera í myndlistinni

Þú hefur verið að mála líka, er það ekki?

„Í Köben leigði ég yndislega íbúð mjög miðsvæðis í Frederiksberg og gat verið með vinnustofuna heima, það gekk alveg frábærlega vel, fólk hafði bara samband og kíkta við. Ísland tók líka rosa vel á móti mér þegar ég kom heim, það er búið að vera nóg að gera hjá mér í myndlistinni. Núna er ég með frábæra vinnustofu í Íshúsinu á Strandgötu- unni í Hafnarfirði þar sem fjöldi listamanna er með vinnustofur. Aðstaðan er frábær og núna er ég að vinna verk fyrir þrjár sýningar á þessu ári, tvær á Íslandi og ein í Jónshúsi í nóvember þar sem ég og Helen Helgadóttir vinkona mín ætlum að sýna saman í fyrsta skipti.“

Ég er að vinna mikið með akrýl og öli á striga og svo er ég líka að mála málverk á kókoshnetur sem ég kalla CocoNottara og eru algjörlega að slá í gegn, fólk er mikið að panta slík verk hjá mér, þannig að ég hef ekki haft mikinn tíma undanfarið til að sýna þau. Meira svona að anna eftirspurn. Þannig að eins og þú heyrir er mikið að gera hjá mér og ég horfi björtum augum til framtíðar enda margt spennandi og skemmtilegt að gerast,“ sagði Fjóla.



Fjóla málar málverk á kókoshnetur sem hún kallar CocoNottara og eru algjörlega að slá í gegn.



Fjór-á myndlistarsýningu Fjólu í Jónshúsi. Kunnir Keflvíkingar eru hér á mynd.



Rauðspretta og roast beef eru vinsælust.



■ Edda Sól er ung kvikmyndagerðarkona úr Grindavík og lýkur námi um næstu áramót.



Edda Sól og afi hennar og aðalsögumaðurinn í myndinni, Eðvarð Hallgrímsson.

Æskuminningar úr Kerlingarfjöllum urðu að heimildarmyndinni Fjallasögu

„Hugmyndin kviknaði út frá að það var alltaf verið að spurja mig hver uppáhalds staðurinn minn á Íslandi væri eftir að ég flutti til Danmerkur. Mér fannst ég aldrei almennilega geta lýst staðnum eingöngu í orðum og þá kviknaði hugmyndin um að gera heimildarmynd um uppáhalds staðinn minn, Kerlingarfjöll,“ segir ung kvikmynda-gerðarkona frá Grindavík, Edda Sól Jakobsdóttir. Hún hefur búið í Danmörku undanfarin ár og mun útskrifast um næstu jól úr Tækni- og Hönnunarskólanum í Köben og svo hyggur hún á frekara nám í greininni. Heimildarmyndarformið á hug hennar allan í dag en hún er opin fyrir öllu í framtíðinni.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Edda var stödd á Íslandi vegna kvikmyndahátíðarinnar Stockfish. Mynd hennar, Fjallasaga, var ein fimm stuttmyndar sem var tilnefnd í flokki heimildarmynda og voru úrslitin kunngerð á Eddunni sem haldin var laugardaginn 13. apríl og þangað mætti Edda prúðbúin. Mynd hennar vann ekki en Edda var hæstánægð með að eiga eina af þeim fimm myndum sem var tilnefnd. Myndin hefur verið sýnd víða og verður sýnd í bíóhúsinu Cinemateket í Kaupmannahöfn 15. maí þar sem hún mun opna íslensku kvikmyndaseríuna þeirra. Hún verður sýnd á undan myndinni Villibráð. Edda mun að sjálf-sögðu mæta ásamt leikstjóra Villibráðar þar sem þau munu kynna myndina og svara spurningum.

„Þessi hátíð, Stockfish, er til að vekja athygli á upprennandi og fjölhæfu kvikmyndagerðarfólki frá Íslandi og það er mikill heiður fyrir mig að hafa verið tilnefnd.“


Hvaðan kom hugmyndin af efni myndarinnar?

„Í náminu mínu í Danmörku fékk ég oft spurningar um Ísland og hver uppáhalds staðurinn minn þar væri. Það var einfalt svar í mínum huga, Kerlingarfjöll hafa alltaf verið í miklu uppáhaldi frá því að við fjölskyldan vorum þar mörg sumur þegar ég var lítil. Þetta eru einar mínar bestu minningar sem ég á úr æsku, við gátum ekki verið með síma eða neitt slíkt, vorum algerlega sambandslaus og maður þurfti að læra að vera sjálfum sér nægur. Ég heyrði ótal sögur frá alls kyns fjallafólki og kannski fæddist strax eitt-

sem afi sagði mér frá þegar ég var lítil. Ég var búin að reyna lýsa fyrir samnemendum mínum og kennurum, hversu magnaður þessi staður væri og hve kær hann er mér en mér fannst mér aldrei takast það almennilega. Það var yndisleg stund þegar hugmyndin að gerð myndarinnar fæddist, ég vissi strax að þetta yrði skemmtileg og lærdómsrík vegferð sem ég væri að fara leggja upp í,“ segir Edda Sól.

Afi aðalsögumaðurinn

Myndin var tekin upp síðasta sumar og fékk Edda Isabellu vinkonu sína til að aðstoða sig og svo ákvað hún að fá afa sinn með í för til að vera aðalsögumanninn en hann heitir Eðvarð Hallgrímsson.



„Við fórum í ágúst í fyrra og þurftum í raun að fíkra okkur áfram og læra á staðnum, þurftum að vera á hljóðinu, vera í kvikmyndatökunni, ég þurfti að leikstýra og framleiða, í raun að gera allt sem snýr að gerð heimildarmyndar. Við vorum í tvo daga að taka upp og vorum ekki með neitt handrit, það var æðislegt að fá afa með því hann þekkir allt svæðið eins og handabakið á sér, ég hefði aldrei getað þetta án hans. Eftir að hugmyndin að gerð myndarinnar fæddist áttaði ég mig fljótlega á að afi myndi leika stórt hlutverk því hann á svo stóran þátt í út af hverju ég elska Kerlingarfjöll svona mikið. Staður getur aldrei orðið betri en manneskjan sem þú tengir við hann, afi var með okkur öll þessi sumur, sagði okkur ótal sögur og mér þykir afskaplega vænt um að hafa geta gert þetta með honum.“

Eftirvinnslan tók svo hálf tveggja ára og á meðan ég var að klippa myndina og vinna hljóðið, dundu hamfarirnar yfir minn gamla heimabæ og það hafði mikil áhrif á hvernig ég klipti myndina því ég var að kanna sambandið milli staða og fólks. Fjallasaga fjallar um það og það var skrytið að upplifa hvað gekk á í Grindavík á sama tíma og hafði pottþétt áhrif á lokaútkomu myndarinnar.“

Hvenær byrjaði kvikmynda-gerðarkonan að blunda í Eddu og hvernig sér hún nánustu framtíð fyrir sér?

„Eftir grunnskóla ákvað ég að flytja til Akureyrar, við vorum nokkur úr Grindavík sem vildum prófa eitthvað nýtt og það var mjög gaman. Ég sýndi leikhústarfinu í skólanum strax mikinn áhuga og þegar ég útskrifaðist langaði mig til að athuga hvort ég myndi finna mig í kvikmyndagerð og sótti um í lýðháskóla í Danmörku, European film college. Þetta var eins árs nám og mér fannst þetta strax mjög skemmtilegt og eftir það ákvað ég að vinna við fagið í Danmörku og skræði mig svo í Multimedia design í Tækni- og hönnunarskóla í Kaupmannahöfn. Ég er búin að vera í þessu námi í tvö ár og er að útskrifast næstu jól. Ég held að ég



muni mennta mig meira en hvort það verði á Íslandi, Köben, London eða hvar kemur bara í ljós. Ég er algjörlega hugfangin af heimildarmyndarforminu og langar til að mennta mig meira í því og draumurinn er að gera heimildarmynd í fullri lengd. Ég hef komið að gerð tónlistarmyndbanda, auglýsinga og leikinna mynda en er þá meira í framleiðsluhlutanum, sem mér finnst einnig ótrúlega skemmtilegt. Þegar kemur að leikstjórn hallast ég meira að heimildarmyndargerðinni og er með margar sögur sem mig langar og ég hlakka til að segja,“ sagði Edda Sól að lokum.

”

Staður getur aldrei orðið betri en manneskjan sem þú tengir við hann, afi var með okkur öll þessi sumur, sagði okkur ótal sögur og mér þykir afskaplega vænt um að hafa geta gert þetta með honum ...



Sumri fagnað í Reykjanesbæ. VF/Hilmar Bragi

Takk fyrir okkur Suðurnesjafólk!

Við áttum dásamlegan dag á Suðurnesjum, mánudaginn 22. apríl. Hann fer kannski í sögubækurnar fyrir hvað veðrið var guðdómlegt. Blakti ekki hár á hundsröfu, eins og afi var vanur að segja. Fjallasýnin yfir flóann var fögur og ævintýralegt að aka fram hjá lifandi eldgosí á leið til Keflavíkur.

Við hefðum ekki getað fengið betri fræðslu og leiðsögn um Reykjanesbæ. Hófum daginn á bæjarskrifstofunum í Tjarnargötu, þar sem við hittum Kjartan Má, bæjarskjóra og hans fólk. Það er óumdeilt að Keflavík er vagma rokksins á Íslandi, og okkur finnst því vel við hæfi að hafa tónlistarmann og fyrstum skólastjóra Tónlistarskólans í forsvari fyrir bænum. Seinna um daginn heimsóttum við umhverfis- og framkvæmdasvið Reykjanesbæjar í SBK húsinu. Þar kynnti Guðlaugur Sigurjónsson fyrir okkur helstu viðfangsefni í umhverfis-, skipulags og byggingarmálum. Þar er sannarlega nóg að gera og mikilvæg mál á dagskrá.

Leið okkar lá síðan í fróðlega heimsókn til Brunavarna Suðurnesja og átta sig á þeirri miklu skipulagningu sem liggur að baki starfi þessa fólks sem við treystum svo algerlega á. Það var gaman að skoða Aðalborg í fylgd Ingvars Eyföru – og góður upptaktur að innliti í fleiri verlanir og gallerí seinna um daginn.

Við fengum dýrindis hádegismat á Réttinum, sem seðjar greinilega marga svanga á hverjum matmáls-tíma. Eftir matinn heimsóttum við fyrirtæki sem Björn er sérlega spenntur fyrir, því hann er menntaður heilsukokkur. Skólamaður á Iðavöllum framleiðir og selur í áskrift máltíðir fyrir börn í leik- og grunnskólum. Hjá fyrirtækinu starfa um 170 manns og helst vel



á starfsmönnum. Þarna ríkir jákvæður andi, enda er viðfangsefnið mikilvægt.

Síðdegis skruppum við í Sandgerði og Garðinn – enn í þessari sjaldgæfu blíðu. Ég er alin upp í kærleika til Garðsins, því afi talaði alltaf svo fallega um Guðmund frá Gerðum í Garði, – þann mikla útgerðarmann og frumkvöðul. Mér hefur alltaf fundist ég eiga svolítið í Garði síðan, – eða kannski að Garðurinn ætti mig. Í þetta sinn urðum við þeirrar óvæntu ánægju aðnjótandi að rekast á Gyrði Eliasson, með fangið fullt af málverkum. Ljóðskáldið góða yrkir líka með litum. Hann hefur haldið einstaka málverkasýningu í Garðinum undanfarnar þrjár helgar, en þau hjónin fluttu þangað fyrir 6 árum. Málverkasýningin sló svo rækleiga í gegn, að sumir urðu frá að hverfa vegna þess hvað bíðraðir voru langar. Nú er henni lokið og Gyrðir bauð okkur að líta inn til sín við tækifæri, sem við sannarlega ætlum að gera.

Lokahnykkurinn á þessum frábæra degi var fjölmennur opin fundur á Hótel Keflavík, þar sem skemmtilegar samræður sköpuðust í góðri stemningu. Það er ómetanlegt að fá að fara um landið og hitta fólk.

Takk fyrir góðar móttökur, Reykjanes!

Halla Tómasdóttir.

Nýjung í innheimtu árgjalds FEBS

Innheimta félagsgjalda og útgáfa félagsskrteinis FEBS 2024

Innheimta félagsgjalda fyrir starfsárið 2024 er hafin. Send hefur verin krafa í heimbanka kr. 3000. Gjald dagi er 1. maí, eindagi 15. maí. Þegar félagsgjald hefur verið greitt birtist FEBS skirteinið með nafni og kennitölu undir „Þínir hópar“ í Spara appinu.

Útgáfa á félagsskrteini FEBS verður rafræn. Félagsmenn geta sótt „Spara app“ í símann.

Gerðu þetta til að ná í SPARA appið!

Smelltu mynd með símanum af QR kóðanum sem birtist hér til hliðar fyrir neðan símamyndina. Þá ferðu sjálfkrafa inn á Spara appið. Eftir að félagsgjaldið hefur verið greitt í heimabanka birtist FEBS skirteinið innan fárra daga.



Bílstjóri á Olís Njarðvík Sumarvinna

Útibú Olís í Njarðvík óskar eftir bílstjóra á lager til útaksturs og dreifingar á vörum og pöntunum til viðskiptavina. Vinnutími er mán - fim frá 8:00 - 17:00 og frá 8:00 - 16:00 á föstudögum. Áhersla er lögð á ríka þjónustulund, stundvísu, snyrtimennsku og góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf skilyrði
- Íslensku eða enskukunnátta nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af lager eða útkeyrslustörfum kostur en ekki skilyrði

Frekari upplýsingar má fá í gegnum njarðvik@olis.is. Umsóknir skilist í gegnum vefform 50skills með því að skanna QR kóðann hér að neðan.


Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.

Sjónvarp Víkurfrétta er í snjallsjónvarpinu þínu

Smelltu á YouTube og leitaðu að Sjónvarp Víkurfrétta.

Þegar þú hefur fundið rásina smellir þú á **Í ÁSKRIFT**

Auðvitað er áskriftin að Sjónvarpi Víkurfrétta ókeypis!





Myndir frá gerð varnar- og leiðigarða við Grindavík. Myndin hér að ofan var tekin í lok apríl en myndin að neðan í lok febrúar. VF/Hilmar Bragi

GRINDAVÍK Í ÖNDUNARVÉL



Ég er Grindvíkingur, kenndur við Sæból en bý í dag í húsi sem heitir Brimnes. Ég hef alla mína hunds- og kattartíð búið í Grindavík. Ég hef talsvert látið í mér heyra á undanförunum mánuðum og tjái skoðun mína hikstalaust á Facebook. Ég hef verið mjög ósáttur við það ægivald sem Almanna- varnir hafa viðhaft síðan hamfarirnar áttu sér stað 10. nóvember. Ég tek fram að það var mjög eðlileg ákvörðun á þeim tímamarki að rýma bæinn en ég vil meina að íbúar hefðu getað flutt inn nokkrum dögum síðar. Fólki var hleypt inn í bæinn með viðbragðsaðilum og hafði fimm mínútur til að sækja helstu nauðsynjar og ég veit að sumir bæjarbúar lentu í vopnuðum sersveitarmönnum á fyrstu dögnum, ég varð vitni að slíku. Það voru auðvitað bara mistök en samt þrætir ríkislögreglustjórinn ennþá fyrir að sersveitarmenn hafi borið vopn þegar þeir voru kallaðir til starfa í Grindavík. Það skiptir samt ekki neinu máli núna.

Blessunarlega hafa Almanna- varnir lært eitthvað af þessu öllu og sem betur fer taka rýmingarnar skemmri tíma í dag en í byrjun. Ég vil reyndar meina að alger óþarfi sé að rýma bæinn þó svo að það gjósi lengst fyrir utan varnargarðana en ég er til í að beygja mig undir slíka ákvörðun ef rýmingin tekur bara einn til tvo sólarhringa.

Glaður í bragði og gríðarleg vonbrigði

Ég fylltist bjartsýni fyrir hönd Grindavíkur þegar stofnaður var hópur eða hreyfing og samhliða stofnuð Facebook-grúbban Aftur heim. Mér finnst nafn grúbbunnar kannski ekki vera alveg nógu lýsandi því ég held að langflestir Grindvíkingar vilji á endanum flytja aftur heim. Ég hefði frekar skýrt þessa grúbbu Aftur heim á árinu 2024 eða eitthvað álíka en það er önnur saga. Ég mætti á samstöðufund sem haldinn var á Pápas þriðjudaginn 9. apríl. Mikill hugur var í fólki og ríkti bjartsýni á meðal okkar um að hópurinn myndi ná eyrum bæjarfulltrúa og nýr hljómur myndi fara heyrast en aðal krafan er að ráðist verði í lagfæringar á bænum sem fyrst, hann gerður öruggur til búsetu og stefnan verði sett á að skóla- og leikskólahald hefjist í haust.

Ég fór kátur heim þetta kvöld, bjartsýnn á komandi tíma og sofnaði glaður í bragði. Þess vegna voru mér gríðarleg vonbrigði þegar fréttist af fundi bæjarstjórnar Grindavíkur en þar lögðu Hjálmar Hallgrímsson og Gunnar Már Gunnarsson fram bókun sem fjallaði um að hefja lagfæringar á bænum sem fyrst, athuga möguleikann á að gamla skólanum verði komið í starfhæft ástand og

STEFNT yrði á að skólahald hefjist næsta haust. Eins átti þá að kanna möguleikann á að koma öðrum leikskólanum líka í stand en auðvitað væri hægt að hafa skóla og leikskóla undir sama þaki þetta fyrsta ár, það myndi einfalda allt til muna.

Ég setti orðið stefnt með hástöfum því bókunin fjallaði bara um það, að stefna á þetta. Ákvörðun átti að geta legið fyrir í lok maí og þá yrði ákvörðun tekin. Hvernig þær fimm konur sem mynda bæjarstjórnina ásamt Hjalla og Gunna, gátu ekki sett nafn sitt við þessa bókun er mér hulin ráðgáta. Með því voru þær nánast að segja að það eigi að slökkva ljósin í Grindavík og ekkert verði gert fyrr en að atburðinum liðnum, sem gæti orðið eftir tugi ára þess vegna. Ég spyr mig að ef Grindavíkurbær er ekki að fara vera með svona þjónustu, hvað er þá bæjarstjórnarfolkið að fara gera? Ég er vanur að taka til hendinni og þiggja laun fyrir, mér myndi ekki líða vel að þiggja laun frá Grindavíkurbæ fyrir að standa í vegi fyrir uppbyggingu bæjarins.

Mér hafa fallist hendur

Ég hef fylgst með framkvæmdum við varnargarðana og verð að segja að mér hafa fallist hendur að undanförunum. Það var vissulega aðkallandi að reisa varnargarða í kringum hitaveituna í Svartsengi og þeir garðar risu á örskömmum tíma og voru verktökum til mikils sóma. Framkvæmdir við varnargarðana við Grindavík hófust ekki strax en blessunarlega voru þeir komnir upp áður en gaus við Grindavík 14. janúar. Það er deginum ljósara að þeir björguðu því sem bjargað var. Þetta var 14.



janúar. Á sumardaginn fyrsta síðastliðinn fimmtudag var 25. apríl. Það gera ef mér reiknast rétt til, 102 dagar, tæpar fimmtán vikur. Á sumardaginn fyrsta var verið að vinna við varnargarðinn nánast þar sem hann endar vestan megin við bæinn. Fyrir þá sem ekki átta sig, þá er þetta við Nesveginn sem liggur vestur á Reykjanes, á túninu sem var þar fyrir neðan og hestar bitu gras á yfir sumarið. Þegar ég var á rúntinum kvöldið eftir á Fornuvör, sem er næsta gata sem liggur við þessa varnargarða, var ennþá verið að vinna. Þarna var sem sagt unnið á frídegi sumardaginn fyrsta og í næturvinnu á föstudagskvöldi. Ég veit ekki hvort framkvæmdum er lokið en allavega voru gröfur og búkolluvörubílar í fríi þegar mig bar að garði á laugardaginn. Ég vek athygli á að mig grunar að útseldur taxti með manni, hljóti að vera á bilinu 50 til 100 þúsund krónur fyrir utan vsk. Eigum við að segja að verðið hækki um sem nemur sinnum 1,5 í yfirvinnu? Ég prófaði að gamni að telja öll tækin sem eru í Grindavík og sýnist þau vera á bilinu fimmtán til tuttugu. Segjum að þetta séu tuttugu tæki og þau öll í vinnu og útseldur klukkutími í dagvinnu er 100 þúsund krónur. Það eru TVÆR MILLJÓNIR per klukkustund! Tækin hafa verið að allan sólarhringinn sex daga vikunnar, sunnudagur hefur verið frídagur. Það þarf ekki stærðfræðing til að sjá að þessar tölur eru fljótar að verða að hundruðum milljóna og svo milljörðum! Ég vek líka athygli á því að eldgosid er austan megin við bæinn, það var ekkert sem benti til að það myndi byrja

gjósa vestan megin og ef hraunið hefði farið að þokast í vesturátt, hafa þessir frábæru verktakar sýnt að þeir geta hent upp svona varnargarði á örskömmum tíma. Ég hefði haldið að nóg hefði verið að vinna þessa vinnu í dagvinnu en það er bara ég en ég spyr, eru þessir verktakar með óútfylltan tékka hjá ríkinu?

Til hvers var hann að þessu?

Það vakti athygli mína á sumardaginn fyrsta þegar ég var að fylgjast með gröfumanninum og vil ég byrja á að lýsa yfir aðdáun minni á hversu klár maðurinn var. Varnargarðurinn þarna virtist vera tilbúinn en hann fór að reyna grafa upp mjög stórt og mikið grjótt, já eða kannski ætti frekar að kalla þetta bjarg. Honum tókst ætlunarverkið og bjargið rétt komst ofan í skúffuna. Hann bakkaði aftur upp á varnargarðinn, setti bjargið ofan á búkollu og svo sótti hann nýtt efni og fyllti upp í holuna sem hafði myndast. Þetta tók u.þ.b. fimmtán mínútur og ég hugsaði með mér, til hvers var hann að þessu??? Einhver hefur sagt mér að það eigi að sá í garðana svo gras muni vaxa þarna í framtíðinni og þegar ég tjáði skoðun mína að ég myndi vilja að þessir garðar verði jafnaðir niður að atburðinum loknum, var mér sagt að það yrði örugglega ekki gert. Þessir garðar ættu að þjóna kynslóðunum sem verða uppi eftir kannski 1000 ár eða lengur en síðasti svona atburður var í kringum 1200 segir sagan. Gott og vel. Ég spyr mig, hvað hefur mikill tími farið í svona að mínu mati, óþarfa pillerý? Ég frétti af

vinnunni aðeins austar, þar máttu þrír búkolluvörubílar bíða í hátt í klukkustund uppi á garðinum fullhlaðnir á meðan grafan vann úr efninu. Þrjár búkollur sinnum þrjár klukkustundir...

Hvað er búið að spreða miklum fjármunum?

Hvað er búið að spreða miklum fjármunum hér, að mínu mati af algerum óþarfa? Mikið væri ég til í að geta unnið að vild og rukkað fyrir vinnuna eins og mér sýnist.

Á sama tíma er rifist um hver eigi að borga sprunguviðgerðir í Grindavík! Eins og Magnús Tumi Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur, orðaði það, til hvers er verið að eyða milljörðum í varnargarða ef ekkert á að gera í að byggja Grindavík upp að nýju?

Annað sem ég held að verði hægt að spara, hvenær verður þessum öryggisþóttum lokað? Í hvert skipti sem maður kemur, er starfsmaður sem tekur niður nafn og kennitölu, hver sem er getur farið inn í bæinn og ég held að það sé kominn tími til að hætta þessum leikarskap og opna bæinn. Það eru þrír lokunarþóttar, starfsmaður á vaktinni 24/7, eitthvað hlýtur þetta að kosta?

Kæra bæjarstjórnarfolk Grindavíkur og bæjarstjóri.

Mér líður eins og bærinn minn sé í öndunarvél og eini möguleikinn á að hann komist úr henni og til lífs, að róttækar breytingar eigi sér stað. Ekki nema að þið ætlið að flytja strax/sem fyrst til Grindavíkur og ætlið að stöðja við uppbyggingu í bænum, eruð þið þá annars til í að segja starfi ykkar lausu?

Ég bið ykkur um að hugsa um Grindavík, þetta er bær sem vill fá að lifa áfram en þið og íslensk stjórnvöld eruð að ganga að honum dauðum.

*Með vinsemd og virðingu,
Magnús Gunnarsson,
Sæból í Grindavík.*

(Millifyrirsagnir eru blaðsins)

Ungmennni vikunnar

Nafn: Ástrós Lovísa Hauksdóttir
Aldur: 16
Bekkur og skóli: 10. MRF Njarðvíkurskóli
Áhugamál: Hitta vini og ferðast

Er algjört æði

Ástrós Lovísa Hauksdóttir er sextán ára nemandi við Njarðvíkurskóla sem vildi geta lesið hugsanir. Ástrós æfir sund og er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagid? Enska.

bát. Vatnið og maturinn er fyrir ferðalagið til baka frá eyðieyjunni og báturinn er til að komast af eyðieyjunni.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?

Frosti TikTok stjarna.

Hver er þinn helsti kostur?

Getur alltaf leitað til mín eftir hjálp.

Skemmtilegasta saga úr skólanum:

Þegar Jóhann (íslenskukennarinn minn) datt úr stólum í tíma.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Lesa hugsanir.

Hver er myndastur í skólanum? Kristín.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Bara að vera skemmtilegur.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

Ég er ekki með uppáhaldslag en uppáhaldssöngvarinn minn er Drake.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?

Mig langar að fara í framhaldsskóla.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Subway.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)? Já, ég æfi sund.

Hver er uppáhaldsbíómyndin þín?

10 things I hate about you.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það? Æði.

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Vatn mat og



Kvöldkyrró á Stakksfirði

Aukin gæði í þjónustu og sölu

Sævar Sævarsson - aðstoðarframkvæmdastjóri Blue Car Rental

Ólína Laxdal - sérfræðingur, Hæfnissetri ferðaþjónustunnar

Blue Car Rental hefur undanfarið lagt gríðarlega mikla áherslu á aukin gæði í þjónustu og sölu með það fyrir augum að auka upplifun viðskiptavina sinna. Lagt var af stað í það verkefni að bæta alla snertifleti upplifunar, þ.e. frá pöntun og þar til bifreið er skilad. Í því verkefni hefur áhersla verið lögð á aukna sjálfvirknivæðingu án þess þó að það komi niður á persónulegri þjónustu. Með þessu teljum við okkur vera að koma til móts við mismunandi þarfir viðskiptavina Blue Car Rental sem telja yfir milljón á þeim 14 árum sem fyrirtækið hefur verið starfandi.

Síðasta haust fór fram fundur tengdum ferðaþjónustu á Reykjanesinu þar sem gæði þjónustu og upplifun viðskiptavina var meðal annars umræðuefnið. Á þeim fundi komumst við í samband við Ólínu hjá Hæfnissetri ferðaþjónustunnar (hæfni.is). Hæfnisetrið er í mikilli



snertingu og samtölum við íslenska ferðaþjónustu. Eftir gott samtal við Ólínu skapaðist hugmynd að leið til þess að efla færni starfsfólks

í framlínu í þjónustu og sölu hjá Blue Car Rental.

Ákveðið var að setja af stað vinnustofur og markþjálfun í samstarfi við ráðgjafann Kristján Aðalsteinsson hjá Krissi Coach. Vinnustofurnar og þjálfunin með Kristjáni hófst á vetrarmánuðum 2023. Á sama tíma var fyrirtækið að taka upp nýtt sölubónuskerfi sem hannað var með það fyrir augum að hvetja starfsfólk til góðra verka en ekki síður efla liðsanda. Það varð strax ljóst að þjálfunin studdi mjög vel við þá innleiðingu. Árangur starfsfólks Blue Car Rental varð strax áþreifanlegur í kjölfarið en aukin samvinna og sala hafði í för með sér fjárhagslegan ávinning fyrir bæði starfsfólki sjálft og fyrirtækið.

Á vinnustofunum var farið yfir ýmsa þætti er líta að þjónustu og sölu og leiðir ræddar sem styðja gætu starfsfólk til enn betri verka. Kristján lagði mikla áherslu á að innvinkla og leita álits starfsfólks, meðal annars þegar farið var yfir þjónustu- og söluaðferðir sem notaðar eru hjá Blue Car Rental.

Til viðbótar við vinnustofurnar var starfsfólki einnig boðið að sækja sér markþjálfun hjá Kristjáni. Markþjálfun eru einstaklings samtöl þar sem starfsfólki var hjálpað að skerpa á markmiðum sínum, framtíðarsýn og koma auga á tækifæri í styrkleikum sínum til að efla sig enn frekar. Hluti starfsfólks hefur nýtt sér markþjálfunina áfram.

Það er trú okkar sem fyrirtækis að vinnustofurnar og þjálfunin muni ekki einungis koma til með að nýtast starfsfólki heldur einnig fyrirtækinu sjálfu. Við lítum svo á að vel þjálfað starfsfólk sé í senn sjálföruggara og ánægðra og betur í stakk búið til að þjónusta viðskiptavinum sínum með þeim hætti að upplifun þeirra verði sem best.

TIL LEIGU

Best staðsetta veitingarými bæjarins til leigu að Hafnargötu 86.

Húsnæðið á nedri hæð er 75m² með afgreiðslurými, tveimur bílalúgum og nægum bílastæðum. Á efri hæð er einnig 220m² rými.

Leigist saman eða í sitthvoru lagi.

Tilvalið fyrir metnaðarfulla og hugmyndaríka aðila.



Áhugasamir geta sent mér tölvupóst á steini@kef.is eða hringt í síma 6967777 (Steinþór Jónsson)

FS-ingur vikunnar

Nafn: Sara Mist Atladóttir

Hræðist mest að keyra á dýr

Sara Mist Atladóttir er á átjándá ári og kemur frá Sandgerði. Sara Mist er á Fjölgreinabraut í FS og hefur áhuga á að stunda líkamsrækt og vera með vinum. Framtíðarplön Söru eru að mennta sig meira og ferðast.

Á hvaða braut ertu? Fjölgreinabraut

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

Ástin mín með Daniil.

Hver er helsti kosturinn við FS? Það er gott félagslíf og nálægt heimilinu mínu.

Hver er þinn helsti kostur?

Er hjálpsöm og traust.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Salóme í fótbolta.

Hver er þinn helsti galli?

Er dramatísk og hvatvís.

Skemmtileg saga úr FS? Þegar Bogi kemur með barnið sitt í vinnuna og lætur nemendur hjálpa sér með hann.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum? TikTok

Hver er myndastur (fyndust) í skólanum? Hafþór Ernir.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Hreinskilni og hjálpsemi.

Hver eru helstu áhugamál þín? Ræktin og vera með vinum.

Hver er stefnan fyrir framtíðina? Mig langar að ferðast og mennta mig meira.

Hvað hræðistu mest? Keyra á dýr.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Metnaðarfull.



Ekkert rosalega sterkt varnareðli í mörgum leikmönnum

– Þróttur Vogum teflir fram mikið breyttu liði frá síðasta tímabili

„Við erum með þéttan hóp en höfum verið í smá meiðslavandræðum síðustu vikur. Þegar allir eru komnir til baka þá erum við með mjög sterkt lið,“ segir Gunnar Már Guðmundsson, þjálfari Þróttar Vogum sem hafnaði í fjórða sæti annarrar deildar á síðasta ári. „Við teljum okkur geta barist í efri hlutanum og sjáum hvað er raunhæft að stefna að þegar liður á sumarið.“

Getum strítt öllum liðunum í deildinni

„Við höfum alls ekki séð öll liðin í deildinni og það eru rosalegar breytingar í deildinni – en miðað við þau lið sem við höfum séð þá tel ég okkur geta strítt öllum liðunum í deildinni, búið til leiki á mótí öllum liðum.“

Jafnvel farið upp ef allt gengur upp?

„Já, ef allt gengur upp er það raunhæft en það er kannski svolítið fljótt að segja til um það. Ég renni svolítið blint í sjóinn þar sem leikmannahópurinn hjá okkur hefur breyst mikið, leikmanna-

hópurinn hjá öðrum liðum hefur breyst rosalega mikið og á undirbúningstímanum í vetur höfum við bara spilað við eitt annarrar deildar lið. Það var á mótí Víkingi Ólafsvík áður en þeir bjuggu til sitt lið í rauninni. Þannig að við erum að renna svolítið blint í sjóinn hvað styrkleikann varðar á mótí hinum liðunum í deildinni. Við höfum verið ánægðir með þróunina hjá okkur en hvar við stöndum gagnvart hinum liðunum á eftir að koma í ljós en ég held að við séum á góðum stað.“

Gunnar segir að undirbúningstímabilið hjá Þrótti hafi gengið í bylgjum. „Fyrir jól voru menn fullrölegir í tíðinni að mínu mati og við voru svolítið að flakka á milli æfingastaða. Svo eftir jól náðum við að vera meira og minna á sama stað, í Safamýrinni, og við náðum betri takti í æfingarnar og hópurinn myndaðist. Það eru náttúrulega sautján leikmenn sem spiluðu í fyrra farnir frá Þrótti og eftir eru þrettán af þeim sem spiluðu eitt-hvað og tólf nýir leikmenn hafa bæst í hópinn, þannig að þetta eru rosalega miklar breytingar. Ég setti saman að gamni mínu að þeir sem

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



eru í hópnum koma frá sextán mismunandi félögum. Þannig að þetta er mjög mismunandi uppeldi sem leikmenn hafa fengið.“

Hópurinn er orðinn skemmtilegur segir Gunnar og mikil stemmning búin að myndast. „Og við erum ekki ennþá farnir inn í Vogana en förum þangað núna eftir leikinn gegn Haukum. Þá fer hópurinn að þéttast almennilega. Það er tilhlökkun í hópnum“

Hvernig leggurðu sumarið upp, verður leikinn sóknarbolti eða hvað?

„Sko, til þess að ná árangri verður maður að byggja á vörninni og fókusinn verður settur á það til að byrja með. Segjandi það þá er ekkert rosalega sterkt varnareðli í mörgum leikmönnum í hópnum þannig að við verðum að skora svolítið af mörkum. Við verðum að verjast sem heild og sækja hratt – það er það sem við munum gera,“ sagði Gunnar að lokum.



Fyrst og fremst að ná þessum stigum sem þarf til að halda sér uppi

Ray Anthony Jónsson er bjartsýnn fyrir tímabilið með Reyni. VF/JPK

– Reynismenn unnu þriðju deild á síðasta ári og ætla að halda sæti sínu í annarri deild í sumar

„Þetta er allt að fara í gang og við erum orðnir óþreyjufullir að byrja mótíð,“ sagði Ray Anthony Jónsson, þjálfari Reynismanna, en Reynir er nýliði í annarri deild karla sem hefst um komandi helgi. „Nokkrir leikmenn eru að glíma við meiðsli en þegar hópurinn verður fullmannaður verðum við með hörku lið held ég.“



Kristófer Páll Viðarsson er allkominn til Reynis eftir að hafa verið á láni frá Grindavík í fyrra. Hann varð næstmarkahæstur í þriðju deild á síðasta tímabili, einu marki á eftir Moussa Ismael Sidibe Brou. Þeir eru nú samherjar í beittri framlinu Reynis. VF/JPK

Með sóknjarft lið í höndunum

Sterkir leikmenn hafa gengið til liðs við Reyni í vetur og má þar helst nefna þá Sindra Þór Guðmundsson, Daníel Gylfason úr Keflavík og nú síðast kom Viktor Guðberg Hauksson á láni frá Grindavík. „Þetta eru allt leikmenn sem koma með reynslu úr efri deildum og munu styrkja Reynisliðið í sumar. Kristófer [Páll Viðarsson] spilaði með okkur á láni frá Grindavík í fyrra en hann er genginn yfir í Reyni. Svo fengum við Alexander Helgason frá Þrótti og Hubert Rafal Kotus frá KFK og frá Hvöt fengum við sterkan varnarmann, Alberto Sánchez Montilla, og Moussa Ismael Sidibe Brou, markahæsta leikmann þriðju deildar á síðasta ári. Þetta verður þrusulið þegar við höfum náð að slípa það saman.“

Þrátt fyrir talsverðan mun á deildum er Ray á þeirri skoðun að Reynisliðið sé vel samkeppnishæft samanborið við önnur lið í annarri deild í sumar. „Eins og í fyrra þá erum við með sóknjarft lið en það vantar aðeins upp á stöðugleikann hjá okkur og við

þurfum að bæta varnaleik liðsins. Ég hef verið ánægður með hvernig liðið hefur spilað á undirbúningstímabilinu en við höfum átt of marga slæma kafla þar sem við missum leikina niður í tap. Mér finnst við hafa átt of marga tapleiki í vor en ef ég ber það hins vegar saman við undirbúningstímabilið í fyrra þá erum við að standa okkur betur í ár.“

Hvert er markmið Reynismanna í sumar?

„Það er fyrst og fremst að ná þessum stigum sem þarf til að halda sér uppi, svo metum við stöðuna eftir það. Ég hef trú á að Reynir eigi eftir að standa sig vel í sumar,“ sagði Ray að lokum.

Búnir að æfa vel og standa okkur vel í leikjum



Sveinn Þór Steingrímsson stýrði Víði til sigurs í Fótbolta.net-bikarnum á síðasta ári – hann hyggst verja titilinn í ár. VF/JPK

– Sveinn Þór Steingrímsson, þjálfari Víðis, er jákvæður á gengi Víðis í ár.

„Tilfinningin fyrir sumrinu er góð og við stefnum hátt eins og alltaf,“ segir Sveinn Þór Steingrímsson, þjálfari Víðismanna. Víðir blandaði sér í toppbaráttu þriðju deildar á síðasta tímabili en vantaði herslumuninn til að komast upp. Víðismenn náðu frábærum árangri í Fótbolta.net-bikarnum, bikarkeppni neðri deilda, og urðu fyrstir liða til að hampa bikarnum með sigri á KFG á Laugardalsvelli.

Halda ágætis kjarna

„Andinn er góður og liðið að smella saman. Við erum búnir að æfa vel og standa okkur vel í leikjum þannig að það er mikill spenningur fyrir deildarkeppninni.“

Þið hafi náttúrulega augastað á því að fara upp.

„Já, það er verkefni sem gekk ekki upp í fyrra enda ellefu önnur lið í sömu deild með sama markmið. Þetta er bara keppni. Þetta er klárlega það sem við stefndum að í fyrra en tókst því miður ekki og það er nákvæmlega það sama og við ætlum að gera núna – en eins og ég segi þá eru önnur lið í þessari deild og við verðum að bera virðingu fyrir því og mæta klárir í alla leiki.“

Sveinn segir talsverðar breytingar hafa orðið á hópnum frá því í fyrra, margir hættir eða farnir að sinna öðrum málum. „Við náðum samt að halda ágætis kjarna. Við vorum ánægðir með erlendu leikmennina okkar í fyrra og þeir eru allir áfram nema einn sem þurfti að sinna öðrum verkefnum í heimalandi sínu. Við þurftum því að sækja leikmenn, bæði íslenska og erlenda, og svo fengum við líka unga stráka hérna frá okkur sem við ákváðum að prófa. Það eru breytingar en mjög jákvæð stemmning yfir hópnum.“



David Toro Jimenez skoraði ótrúlegt mark, beint úr aukaspyrnu á miðjum eigin vallarhelmingi, til að koma Víði í forystu gegn Víkingi. Skjáskot/DÚV

Hvaða spennandi leikmenn hafið þið fengið?

„Þetta eru auðvitað allt spennandi leikmenn og ég vil ekki fara að gera upp á milli þeirra en við fengum til dæmis David Toro Jimenez, þennan sem skoraði þetta stórkostlega mark á mótí Víkingi í bikarnum um daginn,“ segir Sveinn Þór. „Við sáum eiginleika í honum sem við töldum gagnast okkur. Hann er búinn að spila þrjá leiki og skoraði reyndar annað stórkostlegt mark á mótí Sindra í fyrstu umferð bikarsins. Virkilega fallett mark þar sem hann klíndi hann í skeytin, niður á línu og upp aftur. Hann gæti orðið mjög skemmtilegur leikmaður fyrir okkur í sumar.“

Sveinn segir að fleiri leikmenn hafi gengið til liðs við Víði. „Við fengum Markús Mána Jónsson til okkar, framherja sem kom frá Árbæ sem er búinn að skora mikið fyrir okkur á undirbúningstímabilinu. Við höfum einnig fengið unga og spennandi stráka frá Njarðvík og Keflavík og svo eru líka strákar sem koma upp úr öðrum flokki hjá okkur. Það bönkuðu líka tveir útlendingar

sem búa hérna upp á hjá okkur og fengu að koma og æfa með okkur og svo kom óvænt upp nýlega reyndar bandarískur varnarmaður úr háskólaboltanum sem er á leiðinni til okkar. Ég bind miklar vonir við hann, hann lítur alla vega mjög vel út á blaði,“ segir Sveinn sem hefur trú á að Víðisliðið fari upp í ár. „Og við munum gera okkar besta til að verja titilinn í Fótbolta.net-bikarnum.“

Þróttur Lengjubikarmeistari B-deildar karla



Þróttarar fagna Lengjubikameistaratitlinum. Myndir/Helgi Þór Gunnarsson

Eftir að hafa lent tveimur mörkum undir í fyrri hálfleik (8' og 31') unnu Þróttarar frábæran endurkomusigur á Haukum síðastliðinn mánudag með þremur mörkum gegn tveimur í úrslitaleik mótsins. Ásgeir Marsteinsson jafnaði leikinn með tveimur mörkum (36' og 52') og Jóhannes Karl Bárðarson tryggði Þrótti titilinn þegar hann skoraði sigurmarkið á lokamínútu leiksins með góðu skoti utan teigs og boltinn söng í netinu (90').



Íslandsmeistaramót grunnskóla í rafíþróttum

Það var rosalega gaman hjá þátttakendum á Íslandsmeistaramóti grunnskóla í rafíþróttum sem fram fór um síðustu helgi. Keppendur frá RAFÍK (rafíþróttadeild Keflavíkur) tóku þátt í mótinu og var keppt í Fortnite, Valorant, Minecraft og Fallguys.

RAFÍK vann til þriggja Íslandsmeistararitla á mótinu en Bragi Sigurður Óskarsson vann Fortnite Solo í eldri flokki, Bragi Sigurður Óskarsson og Alexander Liljar Brynjarsson unnu Fortnite Duo í eldri flokki og Róbert Aron Hafþórsson vann Fallguys yngri flokkinn. Þá urðu Fannar Ingi Hreinsson og Ásgrímur Bragi Viðarsson í öðru sæti í Fortnite Duo eldri flokki.

„Við erum rosalega stolt með okkar þátttöku í þessu móti og



Keppendur frá RAFÍK á Íslandsmóti grunnskóla. Mynd/RAFÍK

stöðu allir iðkendur sig rosalega vel og það sem skiptir mestu að það skemmtu sér allir,“ sagði Atli Már Guðfinnsson, yfirþjálfari Rafíþróttafélags Keflavíkur.

Mikil aukning hefur verið í rafíþróttir að undanförmu og í sumar verða námskeið í rafíþróttum hjá

rafíþróttadeild Keflavíkur þar sem lögð verður áhersla á félagslega samveru og hreyfingu í bland við kynningu og spilun á hinum ýmsu tölvuleikjum. Hvert námskeið er átta dagar og frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu deildarinnar (<https://rafithrottir.keflavik.is/>)

UPPHITUN FYRIR UNÐANÚRSLITIN

Keppnismaðurinn Páll Ketilsson, eigandi og ritstjóri Víkurfrétta, kom, sá og sigraði á laugardaginn en þá gerði hann vonir Petru Lindar Einarsdóttur, um að koma sér í topp fjögur í tipleik Víkurfrétta, að engu. Spennan var mikil, þau voru jöfn með sex leiki rétta þegar þrír leikir voru eftir en Palli var með pálmann í höndunum því hann var með tvo af leikjunum með tveimur merkjum og vann að lokum sigur, 9-8.

Sem fyrr fæddist enginn nýr milljónamæringur á Íslandi en 27 tipparar víðsvegar um Skandinavíu fengu 3,3 milljónir fyrir þrettán rétta. Einungis sex af tæplega 800 tippurum sem náðu tólf réttum voru landar okkar og fékk hver rúmar 42 þúsund krónur.

Áskorandi vikunnar tengist tipp-leiknum nánunum böndum því hann útvegar miðana á úrslitaleikinn og skaffar líka hótél í London. Kappinn heitir Sigurður Óli Þórleifsson, oft kallaður Siggi dómari eða Siggi Mustad en hann er með

umboð fyrir Mustad beitu og beitningarvélur.

„Takk fyrir að bjóða mér að taka þátt, ég hlakka til að mæta Páli Ketilssyni. Það er ekki alveg komið á hreint hvort ég komi með ykkur á úrslitaleikinn 25. maí en ég stefni á það enda annálaður stuðnings-



Páll	Seðill helgarinnar	Sigurður
☑ ☐ ☐	Man.City - Wolves	☑ ☐ ☐
☑ ☐ ☐	Brentford - Fulham	☑ ☑ ☑
☐ ☐ ☑	Burnley - Newcastle	☑ ☑ ☐
☑ ☐ ☑	Sheff.Utd. - Nott.Forest	☐ ☑ ☐
☑ ☑ ☑	Oxford Utd. - Peterboro	☑ ☐ ☐
☑ ☑ ☑	Sirius - Hæcken	☑ ☑ ☑
☐ ☐ ☑	Monza - Lazio	☑ ☑ ☑
☐ ☐ ☑	Girona - Barcelona	☐ ☑ ☑
☐ ☐ ☑	Mallorca - Atletico Madrid	☐ ☑ ☑
☑ ☑ ☑	Metz - Rennes	☐ ☑ ☐
☑ ☑ ☑	Brest - Nantes	☑ ☑ ☐
☐ ☑ ☐	Köln - Freiburg	☑ ☑ ☐
☐ ☑ ☐	Brann - Rosenborg	☑ ☑ ☑

1X2 „ÞRUMAD Á ÞRETTÁN“



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

maður Manchester United. Ég hef verið í þessum miðabransa í talsverðan tíma og eftir að umsvifin jukust var ekkert annað í stöðunni en stofna fyrirtæki utan um batteríð, Njóttu ferðir. Ég hef haft gaman af því að tippa í gegnum tíðina og verður gaman að glíma við seðil helgarinnar, ég ætla mér að sigra Palla,“ sagði Siggi.

Páll Ketilsson var ennþá í sigurvímu eftir sigurinn gegn Petru Lind.

„Sem sá keppnismaður sem ég er, var ég að sjálfsgöðu mjög ánægður með sigurinn gegn Petru Lind. Maður mætir ekki í keppni öðruvísi en ætla sér sigur, annað væri galið og ég mun mæta með sömu hörku á móti Sigga, þó svo að hann sé að skaffa miðana og hótelið í leiknum,“ sagði eigandi Víkurfrétta.



Árlegt Ponsumót í fimleikum

Sumardaginn fyrsta fór fram Ponsumót hjá fimleikadeild Keflavíkur. Fimleikamótið er árlegt vinamót milli Keflavíkur, Bjarkanna og Stjörnunnar. Mótið hefur verið haldið til fjölda ára og lagt er upp úr því að allir fari glaðir heim að móti loknu. Keflavík sendi flottan hóp af ungum og upprennandi fimleikadrottningum sem margar voru að keppa í fyrsta sinn á fimleikamóti.

Allar stóðu sig virkilega vel og fengu stúlkurnar góða reynslu í reynslubankann, framtíðin er björt hjá þessum stúlkum.

FRAMHALDS- AÐALFUNDUR MÁNA

Framhalds aðalfundur Mána verður haldinn í reiðhöll Mána, miðvikudaginn 15.maí kl.20.

Dagskrá:

1. Breyting á 6. gr laga um auglýsingu á aðalfundi.

2. Önnur mál

Stjórn Mána



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Störf í leik- og grunnskólum

- Akurskóli** - Tömstundafulltrúi
- Akurskóli** - Starfskraftur á kaffistofu
- Akurskóli** - Umsjónarkennari á yngsta stigi
- Akurskóli** - Dönskukennari
- Heiðarskóli** - Starfsfólk skóla
- Drekadalur** - Aðstoðarleikskólalastjóri
- Drekadalur** - Deildarstjórar
- Drekadalur** - Sérkennslustjóri
- Leikskólinn Holt** - Deildarstjóri
- Njarðvíkurskóli** - Deildarstjóri stoðþjónustu
- Njarðvíkurskóli** - Starfsfólk skóla
- Njarðvíkurskóli** - Hönnun og smíði

Önnur störf

- Félagsmiðstöð Háaleitisskóla** - Umsjónarmaður
- Fjármála og stjórnslusvið** - Fulltrúi í reikningshald
- Velferðarsvið** - Dagdvalir aldraðra
- Velferðarsvið** - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna
- Velferðarsvið** - Sumarstarf í íbúðarkjarna
- Velferðarsvið** - Teymisstjóri barnaverndarþjónustu

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



Með sólina í baksýnisspeglinum

Loksins er farið að birta aftur. Heiðin sem er svo myrk á veturna en svo fögur í morgunbjarmanum. Hvalsneskirkja í augsyn og Atlantshafið framundan. Með sólina í baksýnisspeglinum hlusta ég á Villa Vill og kem mér í girinn fyrir ævintýrin sem bíða mín. Stundum með koffindrykk við höndina og fer yfir skipulag dagsins í huganum. Yfirleitt alveg að verða sein en morgnar hafa svosem aldrei verið mín sterkasta hlið.

Ég labbaði í bæinn ómar í spilaranum, lag sem ég tók algjöru ástföstri við 8 ára gömul eftir að hafa fundið geisladiskinn á Túngötunni hjá ömmu og afa. Villi minnir mig á að kannski ættum við að hlusta aðeins betur á ungdóminn sem mun erfa landið okkar einn daginn...

Því kannski er næsta kynslóð, kynslóðin sem getur komið fram með svörin, þar sem sigldum við í strand.

Kennarastarfið er að þessu leyti er svo þýðingarmikið. Við erum áhrifavaldar að mörgu leyti. Við fáum nefnilega að taka þátt í að móta framtíðina. Framtíðar pólitíkusar, framtíðar heilbrigðisstarfsmenn, kennarar, listamenn, þjálfarar, iðnaðarfolk ... nefndu það. Enginn dagur er eins en hver dagur víkkar sjóndeildarhringinn örlítið meir og reynslubankinn auðgast. Hækkun vísitölunnar í minningabankanum er þó kannski það besta.

Ein af mínum uppáhaldsmíningum var þegar við kennararnir lögðum okkur öll fram í átaki við að gera skólafurnar sem liflegastar og bættum inn fjöldanum öllum af plöntum. Mér, sem aldrei hef verið þekkt fyrir sérstaklega græna fingur, tókst að drepa hverja plöntuna á fætur annarri, ýmist vegna skorts á sólarljósi eða vatni. Á þessum tíma var ég ólétt svo það afsakar kannski vandræðaganginn en heilinn var upptekinn

við annað. Einn nemenda minna hallar sér að sætisfélagi sínum alvarlegur á svip og segir lágum rómi: „Ég veit nú ekki hvernig hún ætlar að hugsa um krakka ef hún nær ekki einu sinni að halda plöntum á lífi“.

Þegar ég kenndi svo eitt sinn á yngsta stigi kom lítill stúlka aftan að mér og fór að róta þessi ósköp í hárinu á mér. Þegar ég sný mér við segist hún vera að leita af augunum sem sagt sé að kennarar hafi í hnakkanum. Ekki fann hún augun heillin en þó vil ég ekki neita því að kennarar hafi hreinlega aukasett af augum og jafnvel eyrum.

Við megum samt ekki gleyma að unga fólkið okkar elst upp við allt annan veruleika en við gerðum. Nú er tæknin mun öflugri en áður og þau mun vanari að skrifa í símtækin sín en á blað. Því hefur nýja kynslóðin ekki eins mikla þolinmæði í að skrifa langa texta eða orð, enda fljótlega að pikka

LOKAORD



ÍRISAR VALSDÓTTUR

inn á lyklaborð. Í landafræðitíma var spurt um hæsta tind Íslands, sem heitir því langa og skemmtilega nafni Hvannadalshnjúkur, og þegar skrifa átti svarið heyrðist í einum: „Oh, þurfum við að skrifa allt orðið eða er eitthvað hægt að stytta þetta?“ Heilir sextán stafir.

Okkur kann að finnast að ungdómurinn nú, sé einskis nýtur – reki í lífsins gjólum. En gleymum ekki staðreyndum, því staðreyndin er sú: Það vorum ég og þú sem upp þau ólum.



Mundi

Fyrir mér er sinueldur ilmur af vori ...



Annríki í gróðureldum

Slökkviliðsmenn og -konur hafa átt annríkt síðustu sólarhringa við að berjast við sinu- og gróðurelda víða í umdæmi slökkviliðsins. Útköll vegna slíkra elda koma nær alla daga, enda einmuna þurrkatíð síðasta hálfra mánuðinn eða svo. Meðfylgjandi myndir voru teknar í Sandgerði og við Grænás í Njarðvík. Í Sandgerði voru íbúar búnir að ráða niðurlögum sinueldsins að mestu þegar slökkvilið kom á staðinn. Í Grænási voru eldar kveiktir á tveimur stöðum og logaði í sinu og mosa. Frá 1. maí er stranglega bannað að kveikja sinuelda til að vernda fuglalíf. VF/Hilmar Bragi



Verkefnastjóri markaðsmála

Við erum að leita að aðila sem er tilbúinn að stökkva um borð með teyminu okkar og vinna tímabundið næstu 6-8 mánuði að fjölbreyttum verkefnum í markaðs- og kynningarmálum fyrir áfangastaðinn Reykjanes. Viðkomandi þarf að geta unnið bæði sjálfstætt og í teymi, hafa framúrskarandi hæfni í efnis- og textagerð, góðan skilning á vefkerfum, vera sveigjanlegur og tilbúinn að ganga í þau verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Starfið krefst töluverðrar hæfni í mannlegum samskiptum þar sem verkefni krefjast samskipta við samstarfsaðila, íbúa, sveitarfélög og fyrirtæki.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði markaðssetningar og miðlunar, íslensku eða blaðamennsku
- Reynsla og hæfni í textaskrifum skilyrði
- Mjög gott vald á íslensku og ensku
- Góð þekking á stafrænum miðlum
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Geta til að vinna vel í hópi
- Þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar skilyrði
- Búseta á Suðurnesjum kostur

Helstu verkefni og ábyrgð

- Efnis- og textagerð fyrir vefina visitreykjanes.is og reykjanesgeopark.is
- Efnis- og textagerð fyrir samfélagsmiðla
- Vinna fréttir, blogg og viðtöl
- Þróun og uppsetning fréttabréfa
- Svörun pósta og samskipti við ferðamenn og ferðapjónustuaðila

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst en umsóknarfrestur er til 8. maí 2024. Umsóknir berist á alfred.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir reynslu og menntun, ástæðu umsóknar og hæfni rökstudd.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þuríður Aradóttir Braun hjá Markaðsstofu Reykjaness, thura@visitreykjanes.is.